

# ÍSLENSK GLÆPAKVENDI




5. APRÍL 2019 / 14. TBL. 109. ÁRG. / VERD 995 KR.

# DV

**María Ósk**

*Fótboltinn  
ræður för*

HESTAMANNAMÓTIÐ SEM VAR  
**ÞJÓÐARSKÖMM**



**Unnar Þór**

*Óskrifaðar  
reglur í undir-  
heimunum*

■ Fíkn og ofbeldi í áratug ■ Gjaldkeri Pírata



**Magnús Ver**

# ALLT ÞURFTI AÐ VERA ERFITT

■ Vildi ekki apa eftir Jóni Páli ■ Mesta eftir-  
sjáin og stærsti sigurinn ■ Símhleranir byggð-  
ar á sögusögnum ■ Í stofnfrumumeðferð

## Fiskistofa:



# GRUGGUGIR gjörningar

Margar gerðir af  
**FARANGURSBOXUM**



**Dráttarbeisli**  
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090


## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## Síðustu orðin

„Ég sé svart ljós.“

– Rithöfundurinn Víctor Hugo  
(1802–1885)

## Á þessum degi, 5. apríl



1792 – George Washington Bandaríkjaforseti beitir neitunarvaldi og er það í fyrsta skipti sem því er beitt þar í landi.



1946 – Sovéski herinn bindur endi á árslanga hersetu sína á dönsku eyrni Borgundarhólmi.



1986 – Þrjár manneskjur bíða bana í sprengjutílraði á diskótekinu La Belle í Vestur-Berlín í Þýskalandi. Diskótekið var vinsæll viðkomustaður bandarískra hermanna á þeim tíma.



1992 – Fríðarsinnarnir Suada Dilberovic og Olga Susic eru skotnir til bana á Vrbanja-brúnni í Sarajevo, höfuðborg Bosnía og Hersegóvínu. Þau eru talin fyrstu fórnarlömb Bosniástríðsins.



MYNDIR: HANNA/DV

# VIÐ ERUM GLEYMDIR HÉR OG ÓTTUMST FRAMTÍÐINA

Snemma árs 2018 hóf Reykjavíkurborg að bjóða heimilislausu fólki herbergi til leigu í húsnæði í Víðinesi. Fólk sem hafði vakið athygli fyrir að búa í tjöldum, meðal annars í Laugardal, var á meðal leigutaka. Í dag búa 11 manns í Víðinesi og ræddi DV við tvo þeirra á sólbjörtum degi í byrjun apríl.

Ágúst Borgþór Sverrisson  
agustb@dv.is



**V**íðines er töluvert afskekkt, í nálægð við Álfsnes þar sem Sorpa er með endurvinnslustöð, og í góðri fjarlægð frá Mosfellsheiði og Esjumelum. En heimilismenn kvarta ekki undan staðsetningunni. Fáir þeirra eiga bíl en akstur er í boði tvisvar á dag og allir hjálpast að varðandi vistir og útrétingar.

Svanur Elíasson er á meðal þekktustu íbúa Víðiness en hann bjó um tíma í tjaldi í Laugardalnum. Svanur er ekki síst þakklátur fyrir vistina í Víðinesi vegna þess að þar getur hann verið með hundana sína. Svanur á tvær blíðlyndar blendingstíkur sem tóku blaðamanni og ljósmyndara DV af mikilli gestrisni. Þess á milli börðust þær um athygli eiganda síns og eru báðar dálítið afbrýðisamar, að hans sögn. „Þær eru eins og börn, hvað þetta snertir!“ segir Svanur, en tíkurnar eru mæðgur sem heita Kleó og Jana.

Margir heimilismenn voru heima við þegar DV bar að garði og verður að segjast að það virðist ríkja góður andi á staðnum. Einn starfsmaður er í húsinu og er hann með fasta búsetu. „Hér ríkir góður andi og samhljálpi er ríkjandi meðal okkar,“ segir Svanur. Flestir íbúanna eru miðaldra eða síðmiðaldra karlmenn. Einn er í vinnu en aðrir eru öryrkjar. Húsaleigan er 50 þúsund krónur á mánuði en flestir íbúanna eru með ráðstöfunartekjur um 200 þúsund krónur, sumir minna og aðrir meira.

„Maður kemst af með því að lifa spart,“ segir Sveinn og kvartar ekki.

Vistarverur eru þokkalegar í Víðinesi og íbúar hafa ágæta eldunaraðstöðu í eldhúsum. Bað-

Svanur (t.v.) og Sigurjón



herbergi og eldunaraðstaða eru sameiginleg og hvort tveggja er með ágætum.

### Íbúarnir án leigusamnings og framtíðin í fullkominni óvissu

„Það er fínt að vera hérna en það sem við hérna í húsinu erum óánægð með er skortur á framtíðarlausn og óvissa um framtíðina. Þetta átti bara að vera til skamms tíma en sumir hafa verið hérna í eitt og hálf ár og enginn veit hvað tekur við. Hingað koma fulltrúar frá velferðarsviði einu sinni í viku en hafa engar fréttir að færa okkur heldur segja okkur að við séum í rauninni að gefa þeim upplýsingar,“ segir Svanur.

Leigjendumir skrifuðu flestir undir tveggja mánaða samning á sínum tíma en eru í dag án leigusamnings. Áform um framtíð Víðiness virðast í lausu lofti, sem og framtíð íbúanna, sem eru uggandi um sinn hag.

„Það hefur verið talað um að einkaaðili taki yfir reksturinn á þessu. Þá veit ég ekki hvað verður um okkur,“ segir Sigurjón Ásmundsson, öryrki sem bjó áður í gistiskýli. „Þetta er miklu betra en gistiskýlið,“ segir Sigurjón sem er sáttur við að búa í Víðinesi – en ósáttur við óvissuna.

„Við óttumst framtíðina,“ segir Sigurjón.

Svanur tekur undir þetta. „Við erum gleymdir hér og óttumst framtíðina,“ segir hann.

„Það hefði líka verið gott að fá lengri leigusamning svo við ættum möguleika á húsaleigubótum,“ segir Sigurjón og Svanur er sam-mála því.

### Velferðarsvið staðfestir óvissuna

DV sendi fyrirspurn á Reginu Ásvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkur, um málið og barst svar um hæð:

„Upphaflega var Víðines hugsað sem hálfgerð neyðarúrræði, sem við settum á laggirnar til að bjóða þeim sem voru á tjaldsvæðinu í Laugardal húskaskjól. Víðines stóð þá tóm og við máttum það betra en að fólk byggi í tjöldum og húsbílum, að minnsta kosti hlýtt og vistlegt. Markmiðið var að það yrði unnið áfram með viðkomandi einstaklingum í því að finna varanlegt húsnæði. Mörgum leið hins vegar vel í Víðinesi, húsnæðið er í eigu borgarinnar og því var ákveðið að framlengja dvöl einstaklinganna enda löng bið í félagslegt húsnæði á vegum borgarinnar og annarra sveitarfélaga. Velferðarráð hefur hins vegar verið í stefnumótun varðandi málefni heimilislauss fólks og einstaklinga í vímuefnavanda og er von á tillögum á fundi ráðsins þann 17. apríl næstkomandi. Ein af tillögnum er að auglýsa eftir rekstraráðila að Víðinesi og vera þar með áfangaheimili sem er þá fyrir fólk sem hefur lokið áfengismeðferð.

Velferðarsvið mun vinna með hverjum og einum einstaklingi sem er í Víðinesi í dag að framtíðarlausn, einhverjir gætu hugsanlega verið áfram og einhverjir fara í annað húsnæði.“

Þegar DV benti í svarpósti við þessu svari á að íbúarnir óttuðust um sinn hag, þakkaði hún fyrir upplýsingarnar og skrifaði jafnframt:

„Við þurfum greinilega að bæta upplýsingagjöfina.“ Undir þetta tekur Hrafnhildur Ósk Ólafsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á velferðarsviði. „Við munum bæta upplýsingagjöfina. Þeir einstaklingar sem fengu boð um að flytja upp í Víðines á sínum tíma voru ekki með miklar og flóknaðar þjónustuþarfarir. Þrátt fyrir það höfum við lagt mikið upp úr því að þeim standi stuðningur til boða ef þeir þurfa. Því er umsjónarmaður búsettur í Víðinesi. Auk þess hefur vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (VoR) komið og hitt íbúa í Víðinesi að lágmarki einu sinni í viku. Í tengslum við mögulegt útboð hafa ráðgjafar af þjónustumiðstöðvum lagt áherslu á að vera í virku sambandi við hvern íbúa til stuðnings og ráðgjafingum framtíðarlausnir ef til breytinga kemur. Við erum að bíða eftir tillögum um framtíð Víðiness. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir verður öllum málum fundinn farvegur óski íbúar eftir því.“ ■

# Landssöfnun Lions

Rauða fjöðrin  
5.-7. apríl 2019



## KAUPIÐ RAUÐU FJÖÐRINA TIL STYRKAR KAUPA Á AUGNBOTNAMYNDAVÉLUM

Tækið er notað til myndgreiningar á augnbotnum, sjónhimnu og sjóntaugum, nýtist vel þeim sem eru sykursjúkir, blindir eða sjónskertir.

Augnbotnamyndavélar þykja í dag nauðsynleg tæki við eftirlit á t.d. hrörnun í augnbotnum, sem er algengasti augnsjúkdómur meðal eldra fólks.

Félagsmenn Lions verða á ferðinni helgina 5.-7. apríl með Rauðu fjöðrina til sölu.

Leggja má verkefninu lið með því að millifæra upphæð að eigin vali á reikning Lions: 0516-26-017722, kt. 640572-0869. Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímanúmer.

### SÖFNUNARSÍMAR

908 1101 fyrir 1.000kr.

908 1103 fyrir 3.000kr.

908 1105 fyrir 5.000kr.

Fjárhæð skuldfærast af símreikningi þegar hringt er í símanúmerið.

VERNDARI SÖFNUNARINNAR ER  
HR. GUÐNI TH. JÓHANNESSON, FORSETI ÍSLANDS

VIÐ LEGGJUM LIÐ

WWW.LIONS.IS

HELSTU STYRKARADILAR RAUÐU FJADRARINNAR:



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda  
einstaklinga.



samskip

vodafone

BORGUN

VERT  
STÓFA



## Hver er hann



Starfaði um tíma í verksmíðju Volvo í Gautaborg.

Var í litlu hlutverki í kvikmyndinni Blossi/810551.

Á dóttur sem varð heimsmeistari í móðelfitness.

Hefur ekki gaman af tónlist.

Frumstýndi nýverið leikritið Súper í Þjóðleikhúsinu.

SVAR: JÖN GNARR

## Það er staðreynd að...




Grameðlur þjádust af þvagsýrugigt.



Fram að 18. öld borðuðu Íslendingar af tré- og tindiskum, þá tók askurinn við.



Uppáhaldsblómmynd Hitlers var King Kong.



Öflugasta eldfjall sólkerfisins er Loki Patera á Íó, einu fylgitingla Júpíters.



Meðgöngutími íslensku tófunnar er 52 dagar og gýtur hún jafnan fimm eða sex yrðlingum.

# YFIRHEYSLAN

**Illugi Jökulsson** hefur frá unga aldri fengist við ritstörf, blaðamennsku, þýðingar, dagskrárgerð og fleira. Hann er beittur samfélagsrýnir og sat í stjórnlagaráði árið 2011. DV tók Illuga í yfirheyrslu.

### Hjúskaparstaða og börn?

Ég er kvæntur Guðrúnu S. Gísladóttur leikara. Hún átti fyrir soninn Gísla Galdur sem hefur nú fært oss tvö barnabörn. Við eigum svo saman börnin Veru sem vinnur hjá Ríkisútvarpinu og Ísleif Eld sem er nýrðinn stúdent.

### Leiðinlegasta húsverkið?

Ég veit ekki hvort það flokkast undir húsvverk, en það allra leiðinlegasta sem ég geri er að raka mig. Mér finnst það svo brjálæðislega leiðinlegt að ég get látið það vaxa mér í augum dögum saman að þurfa að grípa í sköfuna. Sem betur fer hef ég fjarska litla skeggrót svo ég þarf ekki að vinna þetta leiðindaverk mjög oft.

### Fyrsti bíllinn?

Þegar ég tók bílpróf átti konan mín Fiat Pöndu, sem var sem sagt fyrsti bíllinn sem ég ók. Svo keyptum við nokkru seinna gamlan Peugeot 504 sem var unaðslegur bíll.

### Trúir þú á líf eftir dauðann?

Mér finnst það mjög myndin hugmynd, en nei, það er ekkert til í henni.

### Ertu A eða B maður?

A er sá sem vaknar snemma og B sá sem sofnar seint, er það ekki? Ef það er rétt, þá var ég eiginlega AB-maður þegar ég var ungur og knár en er núna svona A,5 líklega.

### Besta bók sem þú hefur lesið?

Í mörg ár nefndi ég alltaf Hundrað ára einsemd

eftir Márquez þegar ég var spurður að þessu. Ég las hana á hverju ári í 15 ár og fannst hún alltaf jafn frábær. Svo lagði ég hana á hilluna í aldarfjórðung, þangað til nú í fyrra. Þá las ég hana aftur og komst að því að hún er miklu, miklu betri en mig minnti.

### Uppáhalds-íþróttalið á Íslandi?

Ekkert sérstakt. Meðan sonur minn æfði fótbolta með Val hélt ég náttúrulega með Val í hans flokki, en það var ástríðulítið.

### Mannkostir þínir?

Æ, ég veit ekki. Svona spurning snýst í rauninni ekki um mína meintu mannkosti, heldur um einlægni og sjálfsmýnd og ég held ég segi bara pass.

### En lestir?

Þeir eru nú ýmsir. Það hefur oft komið sér illa að ég hef tilhneigingu til að láta hlutina danka.

### Fyrsta minningin þín?

Ég lá á teppi fyrir utan glugga á heimili afa og ömmu á Reynimel 23 og horfði á kött sem virti fyrir sér þvottahússglugga sem vörn var fyrir. Það gerðist ekkert. Ég hef sterkan grun um að ég hafi verið mjög lítill, nánast nýfæddur.

### Ert þú góður söngvari?

Maður hefur gengið undir manns hönd við að sannfæra mig um að reyna ekki að syngja. Ég vildi gjarnan að hér væri um að ræða samsæri öfundarmanna en hef því miður grun um að viðkomandi hafi eitthvað fyrir sér.

### Leikhús eða bío?

Erfitt að segja. En

þegar leikhús er virkilega, virkilega gott, þá er það náttúrulega galdur sem flöktandi myndir á skjá eða tjaldi geta hvergi nálgast.

### Fallegasti staður á landinu?

Kolgrafarvík? Hornvík? Skálin í Hafursfell? Eitthvert gil sem ég man ekki hvað heitir á leiðinni inn í Þórsörk? Steindautt grjótið við Þórsvatn? Ég bara veit það ekki.

### Heldur þú með Tomma eða Jenna?

Ég verð nú að viðurkenna að ég hef litlar tilfinningar til þeirra. Ætli ég myndi ekki nefna Tomma, hinn er svoddan hrokagikkur, er það ekki?

### Hefur þú æft íþróttir?

Nei. Þegar ég var í 8 ára bekk fór um við í handbolta í leikfimi úti á Seltjarnarnesi og ég fékk boltann. Því miður vissi ég ekki hverjir voru með mér í liði og stóð alveg frosinn þegar allir öskruðu á mig að henda til sín. Að lokum dæmdi leikfímikennarinn á mig „tíma“ sem er regla sem ég hef aldrei heyrt um annars. En eftir þetta þorði ég ekki út á íþróttavöll.

### Fyrsta utanlandsferðin?

Þegar ég var 6 ára fór fjölskyldan til Grikklands og bjó þar einn vetur. Það var stórfengleg reynsla. Þabbi lýsti ferðalaginu í bókinni Dagbók frá DÍafani, sem ég mæli eindregið með.

### Besta ráð sem þú hefur fengið?

Það hljómar líklega einkennilega hrokafullt en ég man ekki eftir neinu sem hér gæti átt við.

### Eitthvað að lokum?

Nei, þakka þér fyrir, ómögulega.



## Eru íslenskir karlar þeir heiðarlegustu í Evrópu?



### Svarthöfði

Út er komin ný skýrsla frá hinum háu herrum í Evrópuráðinu, hin svokallaða SPACE-skýrsla. Svarthöfði er einkar ánægður með nafngiftina. Ýmislegt athyglisvert er í skýrslunni að finna sem lýtur að fangelsismálum á Íslandi í samanburði við önnur Evrópuríki. Kemur þar fram að hvergi séu hlutfallslega færri fangar en á Íslandi. 47 af hverjum 100 þúsund íbúum voru í fangelsi þann 31. janúar 2018. Til samanburðar má nefna að í Danmörku er hlutfallið 63 og í Evrópu 103 á hverja 100 þúsund íbúa.

Einnig kemur fram að 10 prósent fanga á Íslandi eru konur, en það er hæsta hlutfallið í Evrópu. Á eftir kemur Rúss-

land með 8 prósent en í Evrópu allri er hlutfallið 5 prósent.

Hvaða sannleik er hægt að finna í öllum þessum tölum? Eru Íslendingar heiðarlegasta þjóð Evrópu en konurnar okkar þær óheiðarlegustu? Eru íslenskir karlmenn þá svona ljúfir og góðir? Standa þétt saman, sumir á bomsum.

Nei, ætli það. Áður en við íslenskir karlmenn förum að berja okkur á brjóst og stríða systur okkar og mæðrum þá skulum við halda því til haga að fangelsismál hér á landi hafa verið í miklu ólestri lengi. Ástæðan fyrir því að einhver hafi ekki verið fangelsi þennan tiltekna dag gæti allt



eins verið sú að hann hafi verið að bíða eftir að komast í afpláun. Plássleysið er slíkt að menn hafa þurft að bíða mánuðum eða jafnvel árum saman í limbói eftir að komast inn og gera upp sína skuld við samfélagið. Sumir jafnvel búnir að snúa baki við fyrri lífsstíl.

Önnur ástæða gæti verið sú að dómur á Íslandi eru skammar-

lega vægir í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum. Við tökum burðardýr og dópistagrey og skellum þeim óhikað inn á meðan alvöru glæpamenn, það eru ofbeldismenn, nauðgarar og barnaníðingar, fá hér skammarlega stutta dóma. Dóma sem þeir afplána ekki einu sinni að fullu. Þessir brotamenn eru í langflestum tilfellum karlmenn.

Nei, við skulum ekki lesa of mikið í þessar tölur. Hér er úrtakið lítið og á næsta ári gæti hlutfall kvenna allt eins verið það lægsta í Evrópu, þó að hlutfall kvenna í fangelsum hér sé þó aðeins tíu prósent. Fyrir hverja konu eru nú karlmenn fangelsi.



# HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISÞÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



# Áframhaldandi sársauki í Bítlaborginni?

■ Blóðug barátta er um sigur í ensku úrvalsdeildinni ■ Misstígur City sig?

Hörður Snævar Jónsson  
hoddj@433.is



**P**að er svakaleg barátta á toppi ensku úrvalsdeildarinnar en stuðningsmenn Liverpool láta sig dreyma um að 29 ára þrautaganga taki nú enda. Í bláa hluta Manchester er hins vegar Manchester City, sem gefur ekkert eftir. Nú þegar sex umferðir eru eftir er Manchester City á toppi deildarinnar með 80

stig en Liverpool með stigi minna í öðru sæti. Í venjulegu árferði væri Liverpool að leika sér að deildinni, en lið City er einstakt.

## Hvar geta hlutirnir farið úrskedis?

Stuðningsmenn Liverpool horfa jafn mikið á leikina hjá sínu liði eins og hjá City, þeir vona að City misstígi sig og þá helst gegn Manchester United á útivelli, einnig gæti Tottenham gert eitt-

hvað á Ethiad-vellinum. Segja má að erfiðasta verkefni Liverpool komi til nú um helgina gegn Southampton, á útivelli. Liðið fær einnig Chelsea í heimsókn, en lið Chelsea er vægast sagt hræðilegt á útivelli. Veðbankar telja að líkurnar á því að Liverpool vinni deildina séu ekki mjög miklar, liðið hefur ekki unnið deildina í 29 ár og gæti þurft að bíða enn lengur.

## Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjófum aðeins það besta fyrir þig!

**Parki**  
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

## Leikir Liverpool:

5. apríl Southampton (Útivelli)  
14. apríl Chelsea (Heimavelli)  
21. apríl Cardiff (Útivelli)  
26. apríl Huddersfield (Heimavelli)  
4. maí Newcastle (Útivelli)  
12. maí Wolves (Heimavelli)



## Leikir Manchester City:

14. apríl Crystal Palace (Útivelli)  
20. apríl Tottenham (Heimavelli)  
24. apríl Manchester United (Útivelli)  
28. apríl Burnley (Útivelli)  
4. apríl Leicester (Heimavelli)  
12. apríl Brighton (Útivelli)



## Dómarinn: Íslenskar rækjusamlokur

**P**að er skammt stórra högga á milli hjá íslenska karla-landsliðinu í fótbolta, liðið reynir að rífa sig upp af rassgatinu eftir magurt haust. Liðið byrjaði með ágætum í undankeppni EM 2020 og vann fínan sigur á Andorra, en í kjölfarið fylgdi högg gegn Frakklandi. Það kom fáum á óvart að Ísland tapaði gegn Frakklandi, það var kannski frekar hvernig liðið missti hausinn undir lok þess leiks sem olli áhyggjum. Sú samstaða og endalaus barátta sem liðið hefur sýnt á síðustu árum, sást ekki. Nóg um það. Þetta íslenska landslið hefur frá árinu 2013, fært íslensku þjóðinni ógleymanleg augnablik. Liðið sló varla feilnótu í fimm ár, vissulega töpuðust einhverjir æfingaleikir en hverjum var ekki sama? Liðið náði mögnuðum árangri á Evrópumótinu í Frakklandi 2016 og tveimur árum síðar var liðið komið á Heimsmeistaramótið. Ís-

land var eitt af 32 bestu landsliðum í heimi, liðið komst á stærsta íþróttamót í heimi. Magnaður árangur, liðið var hársbreidd frá því að gera frábæra hluti á stærsta sviðinu. Það er einstakt afrek fyrir 330 þúsund manna þjóð að komast á þetta mót, langmínasta þjóðin sem hefur afrekað það. Svo er komið að hinni vanþakklátu þjóð, íslenska þjóðin virðist vera fljót að gleyma. Nú þegar á móti blæs, virðist stuðningurinn hverfa. Margir af þeim sem nutu þess að horfa á velgengni liðsins, ætla ekki að standa með liðinu þegar á móti blæs. Þetta er kallað að vera rækjusamloka, fólk mætir þegar árangurinn sýnir sig en ætlar að láta sig hverfa þegar gefur á skútuna. Þetta sama fólk

kepptist við að kaupa miða fyrir um ári. Í dag hefur miðasala á næstu leiki liðsins staðið yfir í nokkrar vikur, langt er frá því að verða uppselt. Nú þegar liðið þarf mest á stuðningi að halda, reynist erfitt að fá stuðning. Lestur á greinum um íslenska landsliðið er komið á svipaðar slóðir og þegar allt var í steik á árum áður.

Ekki er komið ár síðan að liðið var á HM og liðið á fína möguleika á að komast á EM 2020. Það veltur hins vegar allt á leikjunum tveimur gegn Tyrklandi og Albaníu í sum- ar. Því ætla ég að skora á allar rækjusamlokur landsins að tryggja sér miða, og standa með strákunum okkar þegar á móti blæs og snúa skipinu við.



# Sinfóníutónleikar, tjútt og tiltekt

Á föstudögum spyrjum við nokkra einstaklinga hvað þeir ætli að gera um helgina. DV fékk þau Lovísu Tómasdóttur fatahönnuð, Ómar Úlf Eypórsson útvarpsmann og Evu Björk Eypórsdóttur söngkonu til að segja frá helgarplönnum sínum.



**Ómar Úlfur – Topp helgi framundan:**

„Það er sega mega afmælis-helgi framundan. Grétar Þór, sonur minn, verður 8 ára á föstudaginn og fjölskyldan fer í keilu um kvöldið og svo í pítsuveislu. Á laugardaginn fer ég svo með krakkana í sund og út að leika á meðan ástkær eiginkona mín bakar og undirbýr afmælisveislu sem verður haldin á sunnudaginn. Á sunnudaginn fyllist svo húsið af fjölskyldu og vinum í afmælisgleði. Topp helgi framundan.“



**Lovísa – Helgi andstæðna:**

„Helgi andstæðna er framundan hjá mér. Byrja í hádegismat á Brass á föstudaginn, hef heyrt að þar séu bestu hamborgarar landsins bornir á borð og þarf eðlilega að fá það staðfest. Um kvöldið taka við lokatónleikar þungarokkshljóm-sveitarinnar Endless Dark sem haldnir verða á Húrra. Á laugardaginn verður skipt um gir, en þá er förinni heitið í afmæli eiganda verslunarinnar Kjólar og Konfekt og ber viðburðurinn heitið „Einhyrningar eru víst til.“ Býst við mikilli gleði og glimmeri þar.“



**Eva Björk – Góða veðrið nýtt:**

„Á föstudagskvöldið ætla ég að skella mér með mannum mínum á Star Wars-bíótónleika með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands og svo er ársátíð í vinnuni hans á laugardagskvöldið. Annars ætlum við líka að nýta „góða“ veðrið og fara í hjólatúr með litla stubbinn okkar og við skellum okkur eflaust í sund líka. Reyndar ætlaði ég líka að tækla geymsluna – sem er mikill hausverkur, en það kemur bara í ljós hvort ég nenni því. Þetta verður sem sagt bara notaleg fjölskylduhelgi með dassi af tjútti og tiltekt.“

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



## Hver vinnur fyrstu loftgítarkeppni Íslands?

**M**íðvikudaginn 10. apríl fer nýstárleg keppni fram á skemmtistaðnum Gauknum í Reykjavík. Þar mun fyrsta loftgítarkeppni Íslands fara fram, vinningshafar hennar munu hreppa armbönd á rokk-hátíðina Eistnaflug sem haldin verður í Neskaupstað í júlí.

Vinningshafi þar, Íslandsmeistarinn í loftgítar, mun síðan keppa í heimsmeistara-keppninni í Finnlandi. „Það er til mikils að vinna,“ segir Erla Rut Haraldsdóttir, einn skipu-

leggjenda keppninar og Eistnaflugs. „Dómarar keppninnar eru Magný Rós Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Eistnaflugs, Ómar Úlfur Eypórsson útvarpsmaður og Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari Vintage Caravan. Við hvetjum alla áhugasama til að taka þátt og rokkunnendur til að mæta, þetta verður mega gaman og skemmtileg keppni.“

Skráning fer fram á loftgitar@eistnaflug.is. Húsið verður síðan opnað kl. 20.30 og það kostar litlar 1.000 kr. inn.



## VIÐ BREYTTUM VIÐ FLYTJUM

### 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM\*



**VIÐ BREYTTUM, VIÐ FLYTJUM**  
VIÐ LOKUM VERSLUNINNI  
Á LAUGAVEGI 178, 17. APRÍL KL.18:00.

MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS, IITTALA,  
RÚMFÖT, SPEGLAR OG FLEIRA.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM\***

SENDUM  
ÚT Á LAND

**OPNUNARTÍMI**  
MÁN – FÖS KL.11:00 – 18:00  
LAUGARDAGA KL.11:00 – 16:00



Laugavegi 178  
Allar nánari upplýsingar í síma 568 9955

\*Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

# STARFSMENN FISKI- STOFU YFIRHEYRÐIR

■ Kurr vegna niðurfelldrar sektar ■ Fiskur tekinn úr frystiskipum

**D**V heldur nú áfram umfjöllun um málefni Fiskistofu. Í síðasta helgarblaði var greint frá því að innan stofnunarinnar ríkti slæmur starfsandi og lítið traust sem lýsti sér meðal annars í því að í bifreiðar starfsmanna var settur eftirlitsbúnaður og að vinnustaðasálfræðingar hefðu verið kallaðir til. Vandræðin hófust eftir misheppnaðan flutning höfuðstöðvanna til Akureyrar. Þá greindi DV einnig frá því að stofnunin greiði himinháar greiðslur í dagpeninga á ári hverju. Á síðasta ári voru það um 40 milljónir króna.

Hér verður fjallað um sum þeirra mála sem heimildarmenn DV nefndu til sögunnar þegar rætt var við þá um starfsemi stofnunarinnar.

## Huglægt mat á hæfni starfsfólks

Flutningur Fiskistofu til Akureyrar var tilkynntur sumarið 2014 og gekk í gegn í byrjun árs 2016. Tilkynnti Eyþór Björnsson fiskistofustjóri þá að engum starfsmönnum yrði sagt upp eða settir afarkostir. En starfsfólki bauðst að flytja norður og fá til þess greiðslur til að aðstoða við flutninginn.

Þetta reyndist ekki rétt því að staða millistjórnenda sem starfað höfðu um árabíl hjá stofnuninni breyttist mikið við flutninginn.



“Var framkvæmt mat á hæfni þeirra í ýmsum flokkum, meðal annars ensku og tölvukunnáttu, en þeir ekki látnir taka neitt próf.”

Fiskiskip Á siglingu út Eyjafjörð.

Fyrir eina stöðuna var til dæmis ákveðið að búa til tvær nýjar, með

aðstöðu á Akureyri og Hornafirði. Var framkvæmt mat á þáverandi

millistjórnendum í ýmsum flokkum, meðal annars ensku og tölvukunnáttu, en þeir ekki látnir taka neitt próf. Ekki voru þeir einu sinni látnir vita heldur aðrir látnir gera huglægt mat á hæfni þeirra. Út frá þessu mati var þeim sagt að þeir stæðust ekki nýjar kröfur.

Öðrum þeirra var boðið að taka við nýju en óskilgreindu starfi ásamt því að taka á sig meira en 100 þúsunda króna launalækkun. Þurfti hann að fara í hart með lögfræðing sér við hlið til að ná fram starfslokasamningi til eins árs og á fullum launum.

Var þessi breyting gríðarlega dýr fyrir stofnunina, sérstaklega í ljósi þess að hinir nýju tveir starfsmenn ferðast mikið og fá dagpeninga og ferðakostnað greiddan.

## Niðurfelling sektar

Mikils titrings hefur einnig gætt innan Fiskistofu vegna máls er varðar bátinn Daðey GK sem var í eigu Marvers ehf. í Grindavík. Í ágúst 2017 var lagt á sérstakt gjald, kallað álagning, sem er í raun jafngildi sektar, vegna veiða bátsins þegar hann var sviptur veiðileyfi í apríl sama ár. Báturinn hafði verið sviptur veiðileyfi frá og með 3. apríl til og með 10. apríl þar sem afladagbók hans hafði ekki verið skilað. Báturinn var á þessum tíma gerður út á línuveiðar frá Grindavík. Þrátt fyrir sviptingu veiðileyfis fór áhöfn bátsins til veiða og landaði um 2,6 tonnum af óslægðum afla í Grindavík þann 6. apríl. Það er hefðbundið að bátar og skip séu

svipt veiðileyfi ef ekki eru staðin skil á afladagbók og gildir sviptingin þar til afladagbók er skilað.

Í bréfi Fiskistofu til Marvers ehf. var málið rakið og útgerðinni gefinn kostur á að koma athugasemdum og andmælum á framfæri við Fiskistofu áður en ákvörðun yrði tekin um hvort báturinn yrði sviptur veiðileyfi eða álagningu beitt.

Í lok júlí var bréf sent til útgerðarinnar þar sem tilkynnt var að útgerðinni yrði veitt áminning vegna málsins þar sem um fyrsta brot væri að ræða og það væri minniháttar. Fram kemur að útgerðin hafi síðan svarað bréfi Fiskistofu í maí og komið því á framfæri að vandræði með tölvu í Daðey GK hefði komið við sögu. Fiskistofa taldi það svar ekki geta haft áhrif á ákvörðun í málinu.

Auk þess að veita útgerðinni áminningu tilkynnti Fiskistofa að skoðað yrði hvort álagningu vegna ólögsmæts sjávaraflla yrði beitt í málinu.

Með bréfi til Marvers ehf. í lok ágúst var útgerðinni tilkynnt um álagningu sérstaks gjalds vegna ólögsmæts sjávaraflla og nam það 749.780 krónum samkvæmt gögnum sem DV hefur undir höndum. Þetta er hefðbundin afgreiðsla sem þýðir að aflaverðmætið er í raun tekið af útgerðinni og hún situr uppi með kostnaðinn við að halda bátnum til veiða, þar með talin laun, olía og kaup á aflaheimildum. Útgerðin tapar því á því að hafa haldið bátnum til veiða þegar hann var sviptur veiðileyfi. ▶

sass & belle

Hreidur.is • Auðbrekka 6 • Sími 822 7242

HREIDUR.IS



DV sendi fyrirspurn til fiskistofustjóra sem þvertók fyrir að um geðþóttaákvörðun hefði verið að ræða. Í svari hans, sem er að mestu byggt á svari lögmanns hjá stofnuninni, kemur fram að eftir álagningu gjalds vegna ólögmeats sjávaraflla hafi útgerðin haft samband við lögfræðinginn og óskað eftir að málið yrði tekið til meðferðar á nýjan leik. Það hafi verið gert og hafi sú skoðun leitt í ljós að andmælaréttur málsaðila hefði ekki verið virtur. Honum hafi verið gefinn kostur á að koma andmælum að og hafi skilað greinargerð ásamt fylgigögnum í formi yfirlýsingar þriðja aðila og afriti af kostnaðarreikningi. Síðan segir að í ákvörðun Fiskistofu hafi þess aðeins verið getið að yfirlýsing hefði borist frá þriðja aðila en ekki hafi verið getið um greinargerð málsaðila. Þetta sé brot á andmælarétti málsaðila þar sem ekki hafi verið lagt mat á andmælin þegar ákvörðunin var tekin. Á þessum grunni hafi ákvörðunin verið ógilt og álagningin því felld úr gildi.

En það sem hefur vakið athygli starfsfólks, fyrrverandi og núverandi, er að þegar ákvörðun var tekin á haustmánuðum 2017 um að fella málið niður voru engin gögn færð inn í skjalaskrá Fiskistofu um það. Segja heimildarmenn að fiskistofustjóri hafi sjálfur hlutast til um að reikningur, sem búið var að stofna í heimabanka á hendur útgerðinni, yrði felldur niður og málinu lokið. Þetta hafi hann einfaldlega gert með símtali. Þá segja heimildarmenn að þau rök sem eru sett fram í svari fiskistofustjóra við fyrirspurn DV séu um margt skrítn þar sem aðrar útgerðir hafi ekki hlotið sömu meðferð vegna vanskila á afladagbók. Fiskistofa hefur að sögn gengið hart fram í þeim málum á undanföllum árum og svipt mörg skip og báta veiðileyfi vegna vanskila. Það megi því spyrja sig til hvers slíkar sviptingar séu, ef þær hafa síðan ekkert gildi þegar upp er staðið. Tilkynnt hafi verið um sviptinguna með hefðbundnum hætti og útgerð Daðeyjar GK hefði því verið fullkunnugt um hana. Samkvæmt því sem heimildarmenn DV segja þá var ekki farið að neinum reglum sem gilda um vandaða stjórnsýslu þegar kom að ákvörðun um niðurfellingu málsins, ekkert var að sögn skjalfest um þetta og engin bréf send út, ákvörðunin var einfaldlega tilkynnt með símtali. Ekki verði annað séð en að um geðþóttaákvörðun fiskistofustjóra sé að ræða og nú sér verið að reyna að klóra yfir hana.

#### Yfirheyrsla

Skömmu fyrir jól kom upp mál í Grindavík þar sem eftirlitsmaður Fiskistofu var grunaður um að hafa tekið fisk, án þess að greiða fyrir hann, hjá Stakkavík þar sem eftirlitsmenn voru við störf. Nýráðinn eftirlitsmaður varð vitni að þessu og tilkynnti það yfirstjórn Fiskistofu í samræmi við vinnureglur stofnunarinnar. Viðkomandi eftirlitsmaður var sendur í leyfi á meðan málið var skoðað. Eftiráskýring um bankamillifærslu og/eða nóta fyrir fiskinn var tekin gild og veiðieftirlitsmaðurinn kom aftur til starfa um sex vikum síðar. Hann fékk áminningu vegna málsins.

Heimildir DV herma að mikill kurr sé í starfsfólki vegna málsmeðferðarinnar. Ekki í sjálfu sér yfir að starfsmaðurinn hafi fengið áminningu heldur að eftirlitsmennirnir voru kallaði í einhvers konar yfirheyrslu, sem fyrrverandi yfirlögfræðingur stofnunarinnar stýrði. Yfirheyrslan fór



Fiskistofa Starfsstöðin í Hafnarfirði.

fram í fundarherbergi þar sem fjarfundabúnaður er til staðar. Var eftirlitsmönnum gert að setjast í ákveðinn stól, gegnt fjarfundabúnaðinum, áður en yfirheyrslan hófst. Þeim var ekki kynnt að aðrir fylgdust með í gegnum fjarfundabúnaðinn eða að yfirheyrslan væri tekin upp. Starfsfólk telur að yfirheyrslan hafi verið tekin upp eða aðrir fylgst með í gegnum fjarfundabúnaðinn, svo mikil var áherslan á að eftirlitsmennirnir sætu í þessum ákveðna stól. Ef slíkt hefur verið gert er það með öllu ólöglegt þar sem eftirlitsmönnum var ekki tilkynnt um þetta.

Eyþór hafnar því alfarið að starfsmenn hafi verið hleraðir. Við DV segir hann:

„Starfsmenn Fiskistofu hafa aldrei verið hleraðir svo vitað sé og aldrei af hálfu stofnunarinnar sjálfrar.“

Fundur var haldinn með veiðieftirlitsmönnum þar sem nýráðna eftirlitsmanninum var hampað og aðrir beðnir um að láta hann ekki gjalda fyrir heiðarleika sinn eftir því sem heimildir DV herma.

#### Fiskur tekinn úr frystiskipum

Heimildarmenn DV segja að mál sem þessi séu ekkert einsdæmi hjá veiðieftirlitsmönnum. Var þar nefnt sérstaklega til sögunnar að þegar frystiskip komi í land hafi það lengi tíðkast hjá hópi eftirlitsmanna á suðvesturhorninu að taka töluvert magn af fiski ófrjálsri hendi. Magnið er sagt vera svo mikið að það hafi ekki aðeins verið ætlað til einkaneyslu. Það myndi ekki skipta máli þótt magnið væri svo lítið að það væri ætlað til einkaneyslu þar sem eftirlitsmönnum er algjörlega óheimilt að taka við fiski frá sjómönnum og útgerðum.

Þegar frystiskip kemur í land fara veiðieftirlitsmenn og gera úttekt á aflanum og nýtingu við vinnslu hans. Meðan á veiðiferðinni stendur þarf áhöfnin að taka nýtingarsýni/vinnslusýni reglulega með ákveðnum hætti. Þessi sýni eru síðan uppreiknuð og af niðurstöðum þessa útreiknings er ákvarðað hversu mikið var veitt af hverri tegund. Það er því hagur útgerðarinnar að sýnin séu sem allra best úr garði gerð, því þá eru minni aflaheimildir dregnar af skipinu.

Veiðieftirlitsmenn kanna hvort nýtingarsýni hafi verið tekin, en þau eru yfirleitt á bilinu 40 til 60 í hverri veiðiferð.

Við úttektina eru teknar 3–4 fisktegundir, nýtingarsýni, að teknu tilliti til aflamagns í hverri tegund. Veiðieftirlitsmennirnir ákveða hvaða dagar eru valdir til samanburðar en þá eru nýtingarsýni/vinnslusýni áhafnarinnar

borin saman við nýtingarsýni sem veiðieftirlitsmenn velja. Til að þessi samanburður sé marktækur þurfa helst að vera 20 flök, 10 fiskar, í nýtingarsýninu. Því þarf að þíða 10 fiska upp. Yfirleitt ætti að duga að þíða eina öskju af frystum fiski upp en í henni eru níu kíló. Ekki er þó óalgengt að tvær öskjur séu þíddar upp. Yfirleitt eru þrjár öskjur í hverjum kassa sem landað er úr skipunum en það getur þó verið breytilegt eftir því fyrir hvaða markað afurðin er ætluð.

Heimildarmenn DV segja að nær undantekningarlaust hafi ákveðnir veiðieftirlitsmenn tekið 2–4 kassa hver af fiski í úttekt en það eru þá 54 til 108 kíló sem hver tekur. Þetta er yfirleitt þorskur eða ýsa, roðlaus og beinlaus. Það er því ljóst að það magn sem þeir taka er langum meira en þarf til að gera fyrrgreindan samanburður.

Þetta er gert meðan á löndun stendur og eru starfsmenn útgerðanna látnir vita að nú eigi að gera úttekt. Þeir spyrja þó að sögn heimildarmanna aldrei út í hversu mikið sé tekið af hverri tegund og ekki er vitað til að útgerðirnar skrái það hjá sér.

Veiðieftirlitsmennirnir eru svo sagðir þíða lítinn hluta, af þeim fiski sem þeir taka, til samanburðarúttektar, en taki svo restina

með sér heim. Heimildarmenn DV segja að einnig séu dæmi um að veiðieftirlitsmenn hafi tekið fisk og humar með heim úr veiðiferðum sem þeir hafa farið í með skipum og bátum til eftirlits. Einnig var talað um dæmi þess að veiðieftirlitsmenn hafi tekið svo mikið magn af fiski með heim að öruggt sé að þeir hafi verið að fényta hann, selja. Fiskurinn, sem er þíddur upp, er síðan gefinn góðgerðasamtökum. Einn veiðieftirlitsmaður er sagður hafa viðurkennt fyrir starfsfólki á Fiskistofu að hafa tekið þíddan fisk með sér heim til neyslu. Það er algjörlega óheimilt.

#### Bakreikningsmál

Fyrir nokkrum árum kom fram í fréttum að fiskistofustjóri hefði ákveðið að hætta öllum svokölluðum bakreikningsmálum sem stofnunin var að vinna að. Í slíkum málum eru ýmis gögn um afla, vinnslu og sölu afurða notuð til að reikna út hversu mikill fiskur kemur inn í vinnslustöð og hvort hún hafi þá selt meira af afurðum en hún ætti að gera miðað við keypt magn af önnur fiski. Þetta er góð leið til að fylgjast með hvort verið sé að svindla á kvótakerfinu. Mál sem þessi eru tímafreak í rannsókn og þarf að leggja mikla vinnu í þau.

**Starfsmenn Fiskistofu hafa aldrei verið hleraðir svo vitað sé og aldrei af hálfu stofnunarinnar sjálfrar**

Ákvörðun fiskistofustjóra

kom flatt upp á starfsmenn Fiskistofu enda voru mörg stór mál í rannsókn á þessum tíma. Í fjölmörgum sagði fiskistofustjóri að ástæðan fyrir þessari ákvörðun væri að þau væru of flókin og skilufðu of litlum árangri. Það sem ekki kom fram þá og hefur ekki komið fram í fjölmörgum er að einn starfsmaður Fiskistofu hafði fyrir mistök sent tölvupóst, með nákvæmum og viðkvæmum upplýsingum um þau mál sem voru til rannsóknar og átti að fara að rannsaka, til fjölda manns. Þar á meðal voru fyrirtæki sem voru til rannsóknar. Með þessu voru rannsóknirnar eyðilagðar á svipstundu. Ekki er ljóst af hverju þessu hefur verið haldið leyndu og af hverju þetta gerði út af við rannsóknir sem þessar sem voru taldar mikilvægt vopn í eftirliti stofnunarinnar. ■

# SKILTAGERÐ

**Ljósakassar  
Ljósaskilti  
3D stafir**



**Hönnun  
Ráðgjöf  
Uppsetning**



**Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is**

# GÓÐ ÞJÓNU



## ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu,  
rykgrímur og andlitshlífar



## OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti,  
gírolía og sjálfskiptivökvi

## NÝKOMIÐ MIKIÐ ÚRVAL AF BÍLAHREINSIVÖRUM FRÁ USA

Doctor Wax með heildstæða línu í bóni og hreinsiefnum og frá Stoner eru komið úrval af glerh-  
reinsivörum fyrir bíla og almenn þrif.



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 25 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)

MYND: HANNA/DV

Framtíðin er björt Unnar er sáttur við lífið í dag, en fíkn og afbrot voru áður daglegt brauð.

# „Ég ætla ekki að horfa á eftir börnunum mínum í kistuna“

Líf Unnars einkenndist af fíkn og afbrotum

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Unnar Þór Sæmundsson er 28 ára gamall og fyrir nokkrum árum var honum ekki hugað líf eftir langvarandi neyslu fíkniefna. Afbrot, ofbeldi, neysla og sjálfsvígstílaunir voru daglegt líf Unnars Þórs, en

fyrir þremur árum ákvað hann loksins að takast á við sjálfan sig. Hann fagnar bættu og betra lífi í dag, edrúmennsku og bættum samskiptum við sína nánustu og vill breyta meðferðar- og geðheilbrigðismálum til betri vegar svo enginn þurfi að feta sömu braut og hann gerði í áratug.

„Ég hef oft hugsað um hvaða

áföllum ég hafi orðið fyrir í æsku sem ollu því að ég varð fíkill,“ segir Unnar, og bætir við að allir neyslavinir hans hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og/eda öðru ofbeldi, einhverjum sjokkerandi áföllum sem skýrt geta neyslu þeirra, en hann hafi ekki þurft áfall til að fara sömu leið. „Ég var svikinn svolítið.“

Hann segist hafa átt góða æsku hjá einstæðri móður sinni og vera mikill mömmudrengur, fæddur í Lúxemburg 4. maí 1990, en þar ráku móðurforeldrar hans hótél eftir að hafa selt íbúð sína hér heima. Hann er einkabarn móður sinnar, en á þrjár systur föður megin. Þriggja ára flutti hann ásamt móður sinni til Íslands og settust þau að á Flúðum, í sveitinni sem Unnar segist enn þá þykja vænt um, en hann sé ekki velkominn þar. Honum gekk vel framan af í skóla, en um 14 ára aldur tók neyslan við.

„Ég var ofvirkur með mikinn athyglisbrest og stóð alltaf út úr sem svartu sauðurinn í sveitinni. Mér gekk vel í skóla fram að 8. bekk, þá fór að halla undan fæti og ég fór að sækja í meiri spennu og sækja í efni. Fljótlega var ég, 14 ára gamall, farinn að redda mér amfetamíni, sem er alveg klikkað. Ég var stundum að fá send efni með rútunni.“

## Dópaður daglega í Perú

Eftir grunnskóla tók við ár sem Unnar var skiptinemi í Perú, þar hélt neyslan áfram, fyrstu skref mikillar neyslu eins og hann segir sjálfur. „Fíkniefni voru ódýr þarna úti og það þekkti mig enginn nógu vel til að sjá að ég var alltaf dópaður. Ég var í mikilli neyslu og auðvelt fyrir mig að komast upp með það þarna hinum megin á hnettingum. Það var ekki eins og mamma gæti horft í augun á mér eða hringt í mig í tíma og ótíma.“

Þegar skiptinemaárinu lauk tók raunveruleikinn á Íslandi aftur við, Unnar byrjaði í námi við Menntaskólann á Laugarvatni og þurfti að finna önnur fíkniefni. „Það er ekki fræðilegur möguleiki að vera í kókaínneyslu á Íslandi nema eiga villu sem þú veðsetur,“ segir Unnar,

sem hataði sjálfan sig á þessum tíma. Samhliða aukinni neyslu fór hann að stunda afbrot, bæði til að fjármagna fíknina og eins til að öðlast virðingu með því að hræða aðra. „Þegar ég var 18 ára gamall átti ákveðið atvik sér stað og ég flúði inn á Götusmiðjuna sem þá var, og á þeim tímabili var ég tilbúinn til að gefa meðferð séns. Eðlilega fann lögreglan mig, handtók mig í Götusmiðjunni og ég var látinn dúsa í fangageymslu á Selfossi. Ég legg ekki ábyrgð á lögregluna sem vinnur bara eftir ákveðnum verkferlum, en þarna var klárlega brotalöm í kerfinu. Þú handtekur ekki barn í meðferð. Ég lenti uppi á kant við kerfið og varð sífellt reiðari og það voru mín stærstu mistök að klára ekki meðferðina hjá Götusmiðjunni.“

## Beint á fylleri eftir sjálfsvígstílaun

„Ég væri að ljúga ef ég segði að þetta hefði aldrei verið gaman,“ segir Unnar þegar hann rifjar upp neyslutímabilið. „Ég skipti þessu í 30-30-30, þar sem 10 er eitthvað, 30 er bara „blackout“, 30 er volæði og ógeð og 30 er skemmtilegt og það er þetta skemmtilega sem gerir neysluna svona hættulega. Það koma skemmtilegir dagar, en maður áttar sig ekki á að það eru kannski dagarnir sem þú ert mest með hausinn í lagi.“

Samhliða því sem neyslan jókst, jókst vanlíðan Unnars og hann fór að leita að ástæðum til að enda líf sitt. „Það voru alls konar ástæður sem ég var búinn að hugsa mér. Kærasta mín á þessum tíma hætti með mér og það var frábær afsökun. Þá gat ég sagt að mér liði ekki illa út af mér, en gat komið ástæðunni yfir á einhvern annan.“

Framhald á síðu 14

# NOKIA

## Nokia 5.1 Plus

Með öflugum 8 kjarna örgjörva fyrir AR leiki





Frábær orkunýting



Android One



13 og 5MP myndavélar



5.8" HD+ skjár

**ACANA**

# ACANA DAGURINN

LAUGARDAGINN 6. APRÍL  
VERSLUN GÆLUDÝR.IS SMÁRATORGI  
MILLI KL. 12-16



ACANA FÓÐUR

**20%**

AFSLÁTTUR

LEIKUR

HVAÐ ER MIKIÐ ACANA  
Í FISKAKÚLUNNI?

VEGLEGIR  
VINNINGAR

FÉLAGAR ÚR  
BJÖRGUNARHUNDASVEIT  
ÍSLANDS KYNNA  
STARFIÐ

HUNDAÞJÁLFAVINN SARA FRÁ  
BETRI HUNÐAR MUN VEITA  
RÁÐGJÖF OG KYNNA NOSEWORK

KYNNTU ÞÉR  
LABRADOR RETRIEVER  
OG SCHÄFER HUNDA

BAÐDAGUR  
VERÐ FRÁ 3.900


ACANA  
NAMMI  
SMAKK

**gæludýr.is**

Smáratorg 1 · Bíldshöfða 9 · Helluhraun 16-18 · Fiskislóð 1  
[www.gaeludyr.is](http://www.gaeludyr.is)

## „Ég er með 10 ára reynslu úr neyslu og meðferðum

**Helflúradur** Unnar segist fá stundum athugasemdir vegna flúrsins og telja margir að það sé frá afbrotiferlinum. Staðreyndin er sú að stærstan hluta fékk hann eftir að hann varð edrú.



an. Ég borðaði fullt af betablokkurum, sem eru hjartapillur, lenti á sjúkrahúsi og var vart hugað líf. Lögreglan sótti mömmu í forgangsakstri upp á Flúðir þar sem þetta átti bara að vera búid þarna.

Ég hef nokkrum sinnum reynt sjálfsvíg, flest skiptin voru ákall um hjálp en í tvö skipti var mér virkilega alvara og ég endaði í öndunarsvél. Í fyrri skiptið var ákveðið eftir einn og hálfan sólarhring að taka mig úr öndunarsvélinni þar sem þeir töldu mig anda sjálfan og ekki ástæða til að hafa mig áfram í vélinni. Ég tók hins vegar vel við mótefnum og var vaknaður um kvöldið,“ segir Unnar og bætir við að honum hafi hlýnað um hjartað að sjá hversu margir vinir og ættingjar voru tilbúnir til að koma upp á spítala meðan hann barðist fyrir lífi sínu. „En á sama tíma hugsaði ég að nú ætti ég enga kærustu til að hætta með mér svo ég gæti gert þetta aftur. Ég varð því bara að setja upp grímuna og halda áfram og ég held að ég hafi verið kominn á fyllerí strax seinna um kvöldið.“

### Óskrifadar reglur gilda í undirheimunum

Aðspurður hvernig afbrot hann stundaði á neyslutímanum segist Unnar ekkert geta logið til um það, þar sem afbrot hans eru skráð í opinberum gögnum. Hann á að baki dóma fyrir ofbeldisbrot og hefur setið í fangelsi, bæði á Kvíabryggju og Litla-Hrauni. „Mér finnst oft erfitt að segja fólki að ég skilji ofbeldi í þeim heimi sem neyslan er og fólki finnst oft erfitt að skilja það. Þetta er harður heimur og þeir sem koma nýir inn í hann semja ekki reglurnar. Neysla

og undirheimar snúast um óskrifadar reglur og þær eru strangar. Ég hef lagt mikið á mig frá því að ég varð edrú til að skilja af hverju ég gerði ákveðna hluti, af hverju ég kom mér ekki út úr ákveðnum aðstæðum og hvernig ég get bætt fyrir þetta í dag. Þetta er ógeðslegur heimur og maður verður sjálfhverfur og neyðist til þess að vera það, þetta er bara hver fyrir sig, þótt þú sért í vinahópi þá verður þú að passa upp á þig og passa að þú lifir af næsta dag. Lært siðleysi er líklega lýsingin sem ég myndi nota, eins og maður hættir að kippa sér upp við að vinir manns deyi: „Æ, leiðinlegt það hefði verið gaman ef hann hefði náð sér á strik.“ Fjölmargir vinir Unnars hafa fallið frá vegna neyslu.

Árið 2012 afplánaði Unnar dóm á Litla-Hrauni í þrjá mánuði og seinna fór hann á Kvíabryggju. Hann er gagnrýninn á stöðu fangelsismála og segir að markmiðið eigi að vera að skila föngum aftur út í samfélagið sem bættum og betri einstaklingum, sú sé þó ekki raunin. „Ég hafði þá trú að kerfið væri þannig að ég færi þar inn og fengi öll verkfæri til að bæta mig. Litla-Hraun er best hvað það varðar, ef þú vilt bæta þig þá ferðu þangað, þar er skóli, vinna, þar eldar þú sjálfur og allir eru í matarklúbbum. Fyrst þegar ég kom þar inn fannst mér það einstaklega lúðalegt, allir í matarklúbbum að elda saman,“ segir Unnar. „En samveran, eldamennskan og ábyrgðin gefur svo mikið, það er Margrétu Frímann, sem kom þessu á, að þakka. Margrét er upphafið að björgunarlífinu mínu. Á annan í jólum átti ég að losna út og Magga gerði sér ferð austur til að hitta mig. Hún sagðist vilja hafa mig lengur inni, ég væri ekki tilbúinn til að fara. Ég sagði hana hins vegar engu ráða um það, ég væri farinn á fyllerí og ég var dottinn í það áður en ég kom út fyrir hliðið.“

Kvíabryggju segir Unnar hins vegar aðeins vera geymslu, þar sé ekkert við að vera, og æðislegt starfsfólk og nærsamfélag sem sé allt af vilja gert til að gera föngum lífið bærillegt, en geti þar engu breytt um, því miður. „Það var barist fyrir því að þar væri skóli og hann var starfræktur þegar ég var

### „Ég ætla ekki að horfa á eftir börnunum mínum í kistuna“

Geðheilbrigðis-, vímuefna-, meðferðar- og fangelsismál eru málin sem Unnar telur sig geta haft áhrif á.

„Ég hef veigrað mér við að taka þátt í umræðunni um neyslu, vímuefni, lögleiðingu, afglæpavæðingu, regluvæðingu eða hvað sem fólk vill kalla það. Mér hefur ekki fundist ég gjaldgengur í þessa umræðu og skammast mín fyrir að ætla að segja fólki til eins og ég viti betur. En fólkið sem er að setja reglur og smíða ramma veit oft ekki um hvað það er að tala um. Okkur finnst eðlilegt að eiga samráð við fatlað fólk um þeirra málefni, foreldra um málefni barna, aðilar máls eðlilega ættu að fá að vera hluti af ferlinu, annað er svo gömul hugsun. Ég hef heilmikið fram að færa á þessu sviði, ég er með 10 ára reynslu úr neyslu og meðferðum. Viltu frekar einhvern sem hefur aldrei kynnst þessu?“

Því lengur sem við hundsum þetta, því fleiri börn okkar deyja. Mig langar til að nýta þessa viðbjóðslegu þekkingu sem ég er með, ég vil ekki að börnin mín eða barnabörnin verði í sömu sporum og ég var. Við þurfum að breyta samfélaginu og bjarga eins mörgum og við getum. Við erum með þekkinguna, eymdina, gleðina, öll tæki og tól, við þurfum bara að hætta að ýta þessu á undan okkur og fara að framkvæma,“ segir Unnar, en móðursystir hans jarðaði dóttur sína, sem var á sama aldri og Unnar. Hún svipti sig lífi eftir langvarandi neyslu. „Fjölskyldan mun aldrei bera þess bætur. Ég ætla ekki að horfa á eftir börnunum mínum í kistuna, það á enginn að þurfa að jarða barnið sitt.“

### „Fortíðin minnir mig á hvert ég er kominn“

Sjálfur hefur Unnar farið í fjölda meðferða og flestar á Vogu. „Flestir fara í 20–30 meðferðir, sú fyrsta setur af stað ákveðið ferli. Ég er oft spurður ráða um hvaða árangri meðferð muni skila þegar börn vina minna eða kunningja eru komin í meðferð og ég svara hreint út að þau skuli ekki gera ráð fyrir sjáanlegum árangri í þeirri fyrstu eða fyrstu tíu. Það sem gerist er hins vegar að það fer ferli af stað í höfðinu á barninu, þekking og verkfæri sem það lærir að nýta.

Fortíðin er alltaf að bíta mig í rassinn, en um leið og einhver minnir mig á fortíð mína þá er hann á sama tíma að minna mig á hversu langt ég er kominn,“ segir Unnar. „Ég er kannski ekki meðvit- aður um allan skaðann sem ég olli á þeim tíma sem ég var í neyslu, en ég reyni á hverjum degi að gera eitthvað gott til að bæta fyrir það, sem er kannski klisjukennt en engu að síður staðreynd.

Síðustu þrjú ár hafa verið bestu ár ævi minnar. Ég hef fengið að mynda einstakt samband við börnin mín, dóttur mína og börnin tvö sem konan mín átti fyrir, konuna mína, móður mína. Hvernig gat ég eytt öllum þessum árum í kjaftæði þar sem allt snerist um eyðileggingu, tortímingu á sjálfum mér, þar sem hver dagur snerist um að finna ástæðu til að slúttu þessu,“ segir Unnar.

„Í dag reyni ég að vera einlægur og æðrulaus, gera vel og betur á hverjum degi, passa upp á börnin mín. Ég gæti ekki átt fallelgra líf eins og ég átti ógeðslegt líf áður. Ég styrkist í þeirri sannfæringu míni á hverjum degi að það er von fyrir alla, ég er lifandi sönnun þess.“ ■

**RAFDRIFIN KEYRSLA**  
ET15MH 1,5t  
217.620 kr + vsk.  
ET20MH 2,0t  
257.780 kr + vsk.

**RAFDRIFIN LYFTING OG KEYRSLA**  
ET15MH-P 1,5t  
273.780 + vsk.  
ET20MH-P 2,0t  
333.450 kr + vsk.

Farðu inn á [www.youtube.com](http://www.youtube.com) og sláðu inn: **cPx7PPYvNUM**

Þá sérðu Microlift video Sjón er sögu ríkari

Lithium Rafhláða Aðeins 3 kg 2 ára ábyrgð

Leiser skornir gafflar eru sterkir og snidmir til að fara auðveldlega inn og út úr bretti.

Með einu handtaki er tjakki breytt úr rafmagnstjakk í handtjakk.

Rafdrifin lyfting og keyrsla


UK/PG stórbúnaður. Hágæðamótor. Traust drifhjól.

**Microlift. Fyllir upp í bilið milli handtjakk og hefðbundins rafmagnstjakk.**  
Kraftmikill rafmagnstjakkur með Lithium rafhlöðu, sem endist 2-3 klst. í stöðugri keyrslu. Hleðslutæki fylgir, sem hleður rafhlöðu á 3-4 klst. Hægt er að fá hraðhleðslutæki, sem hleður á 2 klst. Tveggja ára ábyrgð á rafhlöðu.

Aðeins 125kg án brettis og tekur lítið pláss. Kemur sér vel, ef lyftan hefur ekki mikla burðargetu og líka fyrir stóra kassabíla, sem með Microlift geta tekið öll brettin án þess að skilja rafmagnstjakkinn eftir. Með því að kúpla mótor frá nýttist Microlift, eins og venjulegur handtjakkur með 2,5ton burðargetu. Með upprétt beisli snýst Microlift á punktinum og smýgur inn þar sem aðrir sitja fastir.

Migrolift-Freezer er fyrir notkun í röku umhverfi t.d. í frysti og kæligeymslum.

**ETNA ehf.** Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1. Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: [siggi@pmt.is](mailto:siggi@pmt.is)



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

# ÍSLENSK GLÆPAKVENDI

Það er tiltölulega sjaldgæft að konur fremji alvarlega glæpi á Íslandi. Algengast er að konur hljóti dóma fyrir smávægilega glæpi á borð við þjófnað og skjalafals en þegar kemur að að manndrápsmálum, alvarlegum ofbeldis- eða kynferðisbrotum eru karlar í áberandi meirihluta. Undanfarna fimm áratugi hafa nokkrar konur komist í kastljós fjölmiðla í tengslum við alvarleg sakamál. Þetta eru sögur þeirra.

## ANDREA „VONDA STELPA“

Desember 2011 réðst Andrea Kristín Unnarsdóttir, ásamt tveimur öðrum, inn á heimili konu í Hafnarfirði og misþyrmdi henni á hrottalegan hátt. Mennirnir tveir sem voru í för með Andreu voru Jón Ólafsson, kærasti hennar, og Elías Valdimar Jónsson. Um var að ræða hefndaraðgerð vegna skuldar. Einar „Boom“ Marteinson, fyrrverandi forspraki vélhjólasamtakanna Hells Angels, Vítisengla, var seinna ákærður fyrir að hafa skipulagt árásina en fólkíð var allt talið tengjast samtökunum með einum eða öðrum hætti. Einar var hins vegar sýknaður af ákæru í héraðsdómi.

Árásin átti sér nokkuð langan aðdraganda en fórnarlamb árársinnar og Andrea höfðu átt í deilum. Við yfirheyrslur hjá lögreglu hélt Andrea því fram að fórnarlambið hefði stolið mótorkjól sem var í hennar eigu, og sömuleiðis síma sem innihélt nektarmyndir af henni. Þá sagði hún konuna hafa stolið frá henni peningum og hún hefði viljað endurheimta þá. Dagana fyrir árásina voru konurnar tvær í stöðugum samskiptum á Facebook og í gegnum sms-skilaboð.

Þann 22. desember 2011 réðst síðan þríeykið inn í íbúð konunn-



Af vettvangi

Andrea Kristín Unnarsdóttir

ar og gekk þar skrokk á henni. Lýsingar á því sem átti sér stað í íbúðinni þennan dag eru hroðalegar. Premeningarnir veittust að konunni og, meðal annars, slógu hana, spörkuðu ítrekað í höfuð hennar, rifu hár hennar upp með rótum, neyddu upp í hana fíkniefnum og hótuðu að klippa af henni fingur. Þá var konan einnig beitt kynferðislegu ofbeldi. Á einum tímamarki lagði Andrea hnif að hálsi konunnar og tók síðan um háls hennar og þrengdi að. Skildu þau konuna síðan eftir meðvitundarlausu í blóði sínu og læstu hana inni í íbúðinni.

Í janúar 2012 var fólkíð handtekið í viðamiklum aðgerðum lögreglu en málið var áberandi í fjölmiðlum á sínum tíma. Hlaut Andrea Kristín viðurnefnið „Andrea slæma stelpa.“

Í júní 2012 féll dómur í Héraðs-

dómi Reykjavíkur. Jón og Elías fengu fjögurra ára dóm en Andrea var hins vegar dæmd í fjögurra og hálfis árs fangelsi þar sem hún var talin hafa haft sig mest í frammi í árásinni. Hæstiréttur þvingdi refsinguna og dæmdi Andreu í fimm og hálfis árs fangelsi.

Fréttablaðið heimsótti Andreu í Kvinnafangelsið í Kópavogi í nóvember 2012. Þar ræddi hún meðal annars um dætur sínar tvær sem þá voru átta og tíu ára.

„Það er engin leið að gera börnum grein fyrir slíku en ég hef reynt að útskýra fyrir henni að mamma gerði mistök,“ sagði Andrea á einum stað. Þá sagði hún engan leggja upp með að gera einhverjum illt.

„Ég væri ekki mannleg ef ég iðraðist ekki gjörða minna og hef átt erfitt með að horfast í augu við þær allan tímann.“

Svarta perlan Catalina Ncogo.



## SVARTA PERLAN EIGNAÐI SÉR VÆNDIS MARKAÐINN

Það vakti gífurlega athygli í febrúar 2009 þegar DV greindi frá því að Catalina Ncogo, rúmlega þrítug kona frá Miðbaugs-Gíneu, ræki vændishús við Hverfisgötu, við hliðina á lögreglustöðinni.

Catalina hafði flust hingað til lands nokkrum árum áður eftir að hafa gíft íslenskum manni. Hún hafði ekki verið búsett lengi hér á landi þegar hún byrjaði að selja sig og á næstu misserum varð hún gífurlega umsvifamikil á íslenskum vændismarkaði.

Fram kom í grein DV að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði rökstuddan grun um að Catalina hefði lífsviðurværi sitt af vændi annarra og stundaði mansal með því að flytja ungar konur til Íslands í því skyni að gera þær út sem vændiskonur.

Fjórar erlendar stúlkur frá Suður-Ameríku seldu sig í íbúðinni við Hverfisgötu. Í samtali við DV sagði Catalina að hún væri „businesskona“ sem hefði ekki gert neitt ólöglegt og að stúlkurnar í vændishúsinu hefðu komið hingað til lands á eigin vegum.

Eftir umfjöllun DV var Catalina nánast stöðugt í fjölmiðlum fyrir margs konar brot.

„Ég hefði alveg getað farið að vinna aftur í fiski eða á kassa í Bónus, en takmark mitt var að verða rík og það gerist ekki ef maður vinnur fyrir aðra,“ segir Catalina í bókinni Hið dökka man sem kom út árið 2010. Þá steig hún fram í afar opinskáum viðtali við Vikuna þar sem hún fór hvernig leynt með að hún væri eftirsótt vændiskona hér á landi. Þá sagði hún að fjölmargir háttsettir men í þjóðfélaginu væru á meðal viðskiptavina hennar.

„Ég er svarta perlan og þeir vilja svona Barbie-stelpu. Ég tek aðeins sérstaka kúnna og geri þetta því ekki oft.“

„Ég tek aðeins sérstaka kúnna og geri þetta því ekki oft.“

Skömmu eftir umfjöllun DV fór Catalina til Hollands.

Hún var síðan handtekin í Leifsstöð við komuna aftur til landsins, þann 19. febrúar 2009, og úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna gruns um mansal og að hafa haft milligöngu um vændi. Einnig var hún grunuð um aðild að fíkniefnainnflutningi en kærasti hennar, Helgi Valur Músson, var handtekinn á Schiphol-flugvelli fyrir innflutning á tíu kílóum af kókaíni í vikunni áður.

Catalina er fyrsta manneskjan á Íslandi sem ákærð er fyrir mansal en hún var síðar sýknuð af þeirri ákæru. Hún hlaut að lokum tæplega fimm ára dóm fyrir hörmang, fíkniefnainnflutning og líkamsárás. Á þeim tíma hafði enginn verið dæmdur fyrir að græða á vændi á Íslandi síðan hegningarlögunum var breytt árið 2007.

Vilko.is • Sími 452 4272 • Húnabraut 33 • 540 Blönduósi

Framhald á síðu 18



# HELGAR TILBOÐ!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI

## HEIMILISTÆKJA DAGAR



**20-40%**  
afsláttur af öllum stórum  
heimilistækjum

## PHILIPS OLED TILBOÐ

Margverðlaunuð sjónvarpstæki



## PHILIPS

Hágæða OLED sjónvörp með Android stýrikerfi, rammalausri hönnun og AmbientLight 3 baklýsingu.

55"	65"	55"	65"
550LED803	650LED803	550LED903	650LED903
<b>199.995</b>	<b>329.995</b>	<b>249.995</b>	<b>349.995</b>
Verð áður <del>270.995</del>	Verð áður <del>444.995</del>	Verð áður <del>344.995</del>	Verð áður <del>499.995</del>

Öflugt hljóðkerfi frá Bower & Wilkins

**Tefal**



**25%**  
afsláttur

**HELGARTILBOÐ**  
**19.995,-**  
Fullt verð ~~26.995,-~~

TEF-FZ701015

Actifry 1kg djúpstekingarpottur  
Hollari leið að stökkum bita!

**Tefal**



**50%**  
afsláttur

**HELGARTILBOÐ**  
**9.995,-**  
Fullt verð ~~19.995,-~~

TEF-GC306012

Comfort heilsugrill með lausum  
viðloðunarfríum plötum.

**Tefal**



**46%**  
afsláttur

**HELGARTILBOÐ**  
**6.995,-**  
Fullt verð ~~12.995,-~~

TEF-C6959082

Vandað pönnuset með þykkum  
og góðum botni. 28 og 24 sm  
pönnur með viðloðunarfríri húðun.

**SEGWAY**



**HELGARTILBOÐ**  
**VERÐ FRÁ**  
**89.995**

**Rafmagnshlaupahjól**

Skemmtilegri leið til þess að ferðast



**Heimilistæki**

## „HÚN STAKK HANN, HÚN STAKK HANN!“

**K**völd eitt í júní 2017 hringdi Ingibjörg Eva Löve síendurtekið í fyrrverandi kærasta sinn þar sem hann var staddur í heimahúsi í Norðurmýri ásamt þremur vinum sínum og einni konu. Kærastinn fyrrverandi svaraði ekki símanum, en í eitt skiptið lét hann konuna gera það.

Ingibjörg Eva brást við með því að skella á. Skömmu síðar bankaði hún upp á hjá sínum fyrrverandi, grímuklædd í fylgd með öðrum manni. Hún var undir áhrifum fjölda fíkniefna.

Fyrrverandi kærasti Ingibjargar kom til dyra og sló hún hann þá í höfuðið með hafnaboltakylfu, og svo aftur á höndina. Átök brutust út á milli

þeirra sem enduðu með því að Ingibjörg stakk manninn í brjóst-kassann. Vitni að málinu lýsti því síðar að hann hefði heyrt öskur úr húsinu og tvo karlmenn koma þaðan út en báðir hafi verið blóðugir. Sagðist vitnið hafa heyrt einhvern segja: „Hún stakk hann, hún stakk hann!“. Þá sagðist hann hafa heyrt Ingibjörgu Evu segja við samverkamann sinn:

„Hvar er hnífurinn minn, hvar er kylfan mín?“

Þegar lögregla mætti á svæðið fundust blóðugur hnífur og blóðug kylfa í garðinum fyrir utan húsið.

Þegar Ingibjörg var yfirheyrd hjá lögreglu kom hún með nokkrar mismunandi útgáfur af atburðum kvöldsins. Þá sagðist hún ekki

hafa ætlað að drepa sinn fyrrverandi, heldur einungis hræða hann. Sagðist hún hafa rifist við konuna sem svaraði í símann þetta kvöld og að konan hefði haft í hótunum við hana. Ingibjörg sagðist hafa orðið „ógeðslega reið“ og hún kannaðist við að hafa tekið með sér hafnaboltakylfu og raflostbyssu, en kannaðist ekki við hniíf.

Árásin þótti afar heiftarleg og taldi dómurinn að Ingibjörgu hefði mátt vera fullljóst að hún hefði getað banað sínum fyrrverandi með þessari atlögu. Í nóvember 2017 hlaut hún fimm ára fangelsisdóm fyrir tilraun til manndráps.

## HÓTAÐI AÐ DREPA BÖRNIN SÍN

**A**seinustu árum hafa komið upp tvö mál hér á landi þar sem konur hafa verið fundnar sekur um alvarlegt ofbeldi gegn börnum.

Í september 2016 var fimm barna móðir dæmd í 18 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottalegt ofbeldi gegn börnum sínum. Ofbeldið var bæði andlegt og líkamlegt og stóð yfir í langan tíma. Börn konunnar eru fædd á árunum 2004 til 2013 en það var árið 2005 að tilkynningar fóru að berast til barnaverndar um ofbeldi móðurinnar gegn þeim.

Konan var sakfelld fyrir að hafa ítrekað beitt börn sín andlegum og líkamlegum refsingum, haft í hótunum við þau, ógnað þeim, sýnt þeim vanvirðandi háttsemi og sýnt þeim yfirgang, ruddalegt athæfi, sært þau og móðgað, líkt og fram kemur í dómnum. Fram kemur að hún hafi sparkað í þrjú yngri börn sín, slegið í þau, hrint þeim og togað í hár þeirra. Þá tók hún þau kverkataki, kastaði í þau

hlutum og læsti þau fyrir utan heimili þeirra. Henni var einnig gefið að sök að hafa slegið þeim utan í vegg, klippið þau og hótad að drepa þau. Sagði hún að hún „vildi að þau væru dauð, hún hataði þau og að hún óskaði þess að þau hefðu aldrei fæðst. Þá kallaði hún börnin „hóruunga“, „hálfvita“, „mother fuckera hóru“ og „mellur“.

Faðir barnanna bar vitni og sagði það kraftaverk að ekkert þeirra væri dáíð vegna ofbeldisins.

Móðirin krafðist sýknu fyrir dómi og bar fyrir sig að hún hefði átt við geðræna erfiðleika að stríða frá árinu 1998. Ásakaði hún barnsföður sinn um að heilapvo börnin.

Í mars á seinasta ári var dagmóðir á höfuðborgarsvæðinu sakfelld fyrir líkamsárás á 20 mánaða stúlku sem hafði verið í hennar umsjá ásamt þremur öðrum börnum.

Í október 2016 var litla stúlkan flutt á bráðamóttöku með talsverða áverka. Hélt dagmóðirin því

fram að hún hefði komið að stúllunni liggjandi á gólfinu fyrir aftan IKEA-barnastól í eldhúsinu.

Vakthafandi læknir taldi hins vegar að áverkarnir á stúllunni væru ekki í samræmi við þá frásögn, en barnið var meðal annars með mar á andliti og hálsi. Málið var tilkynnt til lögreglu.

Erlendir réttarmeinafræðingar sem kallaðir voru til við rannsókn málsins sögðu að ekki væri hægt að útskýra áverkana með einu falli heldur benti flest til þess að litla stúlkan hefði orðið fyrir ofbeldisverknaði líkt og löðrungum og höggum.

Dagmóðirin neitaði alfarið sök í málinu. Þegar málið kom upp hafði hún starfað sem dagforeldri í átta ár og ekki hafði áður borist kvörtun vegna starfa hennar.

Konan var dæmd í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi og þar að auki gert að greiða hálfá milljón króna í miskabætur.



**H**lín Einarsdóttir og Malín Brand sendu tvö fjárkúgunarbréf til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, í maí 2015 og og kröfðust þess að hann greiddi þeim nokkrar milljónir króna ella myndu viðkvæmar upplýsingar um hann verða gerðar opinberar. Upplýsingarnar voru sagðar varða meinta aðkomu Sigmundar Davíðs að sölu DV í lok árs 2014.

Hlín setti fyrra bréfið inn um bréfalúgu á heimili aðstoðarmanns Sigmundar Davíðs. Seinna bréfið var stílað á eigin konu Sigmundar og bars inn um lúgu á heimili þeirra hjóna.

Í seinna bréfinu voru einnig nákvæmar leiðbeiningar um afhendingarstað peninganna við Krísuvíkuvveg. Systurnar voru síðan handteknar á þeim stað þegar þær komu að sækja pakka sem þær töldu innihalda peningana.

Eftir að málið kom upp lagði Helgi Jean Claessen, fyrrverandi samstarfsmaður Hlínar, fram kærú á hendur systrunum fyrir að hafa haft af honum 700 þúsund krónur, ella yrði hann kærður fyrir að nauðga Hlín.

Í viðtali við Vísi í júní 2015 sagðist Malín ekki hafa komið að því að skipuleggja fjárkúgunina. Sagðist hún hafa verið

„blinduð af fjölskyldutengslum.“ Hlín ræddi hins vegar við DV og sagði þetta ekki rétt: Malín hefði haft jafn mikla aðkomu og hún að bæði bréfasendingunni og fjárkúguninni.

Í apríl 2017 voru systurnar dæmdar í 12 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fjárkúgun og tilraun til fjárkúgunar. Níu mánuðir af dómnum voru skilorðsbundnir.

Malín steig fram í viðtali við DV í janúar síðastliðnum og ræddi meðal annars erfið bernskuár og baráttu hennar við Parkisónsjúkdóminn. Stuttu síðar kom hún fram í viðtali í Íslandi í dag.

„Ég hef sagt, og það var nú gert grín að því í áramótaskaupinu, að ég hafi verið blinduð því þetta var fjölskyldan mín, en meðvirkni er fyrirbæri sem er til og ég bara hugsaði ekki skýrt. Ég var þarna með systur minni og var ekki að hugsa um einhvern ávinning fjárhagslega. Þetta er bara svo fjarri mér, svo innilega fjarri mér. Ég var með henni og það eru mín mistök. Ég tek mjög heimskulegar ákvarðanir að drulla mér ekki í burtu þegar ég hefði getað það,“ sagði Malín í viðtalinu. Þá kom fram að þær systur ættu ekki í neinum samskiptum í dag.



## DRAUMASAMFÉLAG EF KARLAR MYNDU HEGÐA SÉR EINS OG KONUR?

Helgi Gunnlaugsson, afbrotufræðingur og prófessor í félagsfræði við HÍ

**H**inn dæmigerði glæpamaður í huga okkar er ungur karlmaður enda er sú raunin í flestum tilvikum. Samkvæmt opinberum skýrslum bæði hér á landi og erlendis eru konur í miklum minnihluta af þeim sem brjóta af sér. Hlutdeild kvenna er þó ólík eftir brotaflokkum. Að jafnaði fremja þær ekki nema 10–30 prósent af öllum hegningarlaga brotum. Brot kvenna tengjast yfirleitt minniháttar auðgunarbrotum, hnupli og þjófnaði, skjalafalsi, vændi og neyslu fíkniefna. Alvarlegir ofbeldisglæpir, meiriháttar auðgunar- og fíkniefnabrot, viðskipta- og pólitískir glæpir, eru mun oftar framdir af körlum.

En konur fremja líka alvarleg brot en bara í minna mæli

en karlar. Yfir 80 prósent manndrápa á Íslandi eru framin af körlum, mestmegnis dráp á öðrum körlum. Konur drepa, en yfirleitt einhvern karl sem þær eru í tilfinningasambandi við, stundum í sjálfsvörn, eða sem viðbrögð við langvarandi ofbeldi. Afar fátítt er að þeir sem dæmdir eru fyrir manndráp fremji annað dráp. Hér á landi hefur þó ein kona verið dæmd fyrir tvö manndráp og konur dæmdar fyrir dráp á afkvæmum sínum.

### Konur og karlar í fangelsi

Fangelsistödlur eru mjög lýsandi veruleiki fyrir þann mun sem er á glæpum kynjanna. Sem dæmi má nefna að hér á landi eru konur að jafnaði innan við tíu í fangelsi á móti um 160 körlum. Hlutföllin eru ekki ósvipuð erlendis.

Ítarlegri greining eftir Helga Gunnlaugsson verður birt í næsta tölublaði DV.

**Hádegis tilboð**  
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa  
brauð & Þorskspjót  
2.850 kr

**Sægreifinn**  
Geirsgötu 8 • 553 1500

**BORG**  
BRUGGUS

**LIION**  
technology

# GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



*PON er umboðsaðili*

# **JUNGHEINRICH**



Hillulyftari



Prönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

**Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!**

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | [pon.is](http://pon.is)

**PON**  
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



Súðurlandsbraut 14  
2. hæð  
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson  
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll vídtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Úr Pírötum í Miðflokk

Flokksráðsfundur Miðflokksins var haldinn fyrir skemmstu í Garðabæ. Var þar glatt á hjalla og athyglisvert að sjá hverjir mættir voru. Athyglisverðast var kannski að sjá rithöfundinn **Hildi Sif Thorarensen**. Hildur hefur verið áberandi innan Pírata á undanförunum árum og gegndi meðal annars stöðu oddvita í Norðvesturkjördæmi um tíma. Hefur hún einnig verið virk í skrifum á bloggi Pírata. Ekki er algengt að fólk færi sig á milli þessara tveggja flokka. Í nýlegri færslu frá Hildi virðist sem afstaða Miðflokksins varðandi þriðja orkupakkann hafi skipt sköpum.



### Allir vinna

Búist hafði verið við miklum verkföllum í vor en þeim var afstýrt. Hafa sumir sagt að hin nýja verkalýðsforysta hafi beygt sig vegna falls WOW og vandræða í ferðabjónustunni. Miðað við nýja langtíma-samninga á það ekki við rök að styðjast. Þvert á móti stendur forystan uppi sem sterkur málsvari verkafólks og hefur hrist af sér þá umsögn að hún sé óviðræðuhæf. Ríkisstjórnin fagnar einnig. Samningarnir koma á besta tíma eftir áfall síðustu viku. Nú má búast við rólegri tímum út kjörtímabilið. Samtök atvinnulífsins geta ágætlega við unað líka þó að þau hafi þurft að gefa eftir af kröfum sínum. Það sem mestu máli skiptir er að halda ró á markaðnum.



# Stofnun upp á punt

## Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Þessari viku, líkt og þeirri síðustu, hefur DV fjallað um ástandið á Fiskistofu. Sú umfjöllun mun halda áfram enda hafa fjölmörg mál komið þar upp sem sýna fram á glundroða og slæma meðferð á fjármunum ríkisins. Skattféna okkar.

DV hefur rætt við fjölmarga starfsmenn, fyrrverandi og núverandi, sem allir hafa haft misgott að segja um stofnunina og stjórnunina þar. Hér er ekki um neitt smábatteri að ræða. Fiskistofa er 60 manna vinnustaður sem á að sjá um eftirlit með mestu auðlind landsins. Dæmin sýna sögu og þau eru mýmörg. Yfirmönnum virðist meira annat um að Fiskistofa verði stofnun ársins í könnun hjá SFR en að hún nái að uppfylla skyldur sínar.

Nýverið var sett á laggirnar fjölskipuð verkefnastjórn og samráðshópur til að bregðast við svartri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Svo

fjölskipuð að sennilega verður hver höndin upp á móti annarri og afraksturinn enginn. Bara enn ein rándýr skýrsla.

Vandræði stofnunarinnar ná mörg ár aftur í tímann. Allt keyrði svo um þverbak við flutning höfuðstöðvanna til Akureyrar. Þá ábyrgð bera Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Sigurður Ingi Jóhannsson. Hafði flutningurinn skelfileg áhrif á bæði starfsmannamál og fjármál ein og DV hefur greint frá. Vinnustaðasálfræðingar og lögfræðingar hafa verið fengnir til þess að greiða úr málum. Kergjan, biturðin og vandræðið er allt umlykjandi. Þar að auki finnst starfsfólki störf sín tilgangslaus og missir þar með metnaðinn. Einn viðmælandi hafði á orði að stofnunin væri upp á punt.

Það sem er gegnumgangandi í máli Fiskistofu er vanvirðingin fyrir hinu opinbera fé. Að til sé endalaus gullpottur sem hægt sé að stinga krumlunni í og sækja dagpeninga, ferðapeninga, starfslokagreiðslur og fleira. Fyrir eina deildarstjórastöðu eru búnar til

## Það er ekki í lagi að fara með almannafé eins og matadorpeninga og starfsfólk eins og peð

tvær og þær fluttar hvor á sinn landshlutann. Svo ferðast hinir nýju deildarstjórar sífellt á milli.

Vel getur verið að ástandið sé svipað hjá einhverjum öðrum stofnunum. Árið 2017 fjallaði DV um óboðlegt ástand hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Líkt og hjá Fiskistofu fór þar allt á annan endann eftir mislukkaða sameiningu. Sameiningu sem stjórn-málamenn ákváðu. Vart verður því þó trúað að ástandið geti nokkurs staðar verið verra en hjá Fiskistofu.

Þó að stjórn-málamenn beri mikla ábyrgð með sínum glæfra-

legu og vanhugsuðu aðgerðum þá verða núverandi yfirmenn stofnunarinnar, Eyþór Björnsson fiskistofustjóri og sviðsstjórnari, einnig að taka gagnrýnina til sín. Taka verður starfseminna í gegn frá A til Ö með aðstoð utanaðkomandi aðila, þá ekki fjölskipuðu pólitísku batteríi heldur fámennu og samhentu liði kunnáttufólks í greininni. Það er ekki í lagi að fara með almannafé eins og matadorpeninga og starfsfólk eins og peð á skákborði. ■

## Spurning vikunnar

Ferð þú til útlanda í ár?



# Námskeið 2019

5. apríl 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





# Ótrúlegur munur í hraða og snerpu

SUMARNÁMSKEIÐ SILJU ÚLFARS:

Í yfir áratug var Silja Úlfars fljótasta kona Íslands. Hún æfði bæði hand- og fótbolta þegar hún var yngri, og þegar faðir Gylfa Sigurðssonar fékk hana á sínum tíma til þess að aðstoða Gylfa við að þjálfra upp aukinn hraða og snerpu, þá uppgötvaði hún hvað henni þótti þjálfarastarfið skemmtilegt og gefandi. „Ég fór út í þetta fyrir slysi en síðan árið 2008 hef ég þjálfað afreksmenn og hjálpað þeim að bæta snerpu og hraða. Ég hef þjálfað meistaraflokka, t.d. FH í bæði hand- og fótbolta og fleiri lið. Einnig hef ég unnið við að hjálpa unglíngum, leikmönnum og afreksmönnum við að bæta hraða og auka styrk,“ segir Silja Úlfars.

## Sumarnámskeið fyrir afreksunglinga

Silja er með unglínganámskeiðin sín á sumrin og veturna. „Námskeiðin í vetur gengu gífurlega vel og er ég stolt af öllum mínum íþróttamönnum. Sumir hverjir náðu alveg ótrúlegum árangri, og það var fullt á öll námskeiðin,“ segir Silja.

Í sumar verður Silja áfram með unglínganámskeiðin sín. „Námskeiðið er fyrir unglínga á aldrinum 10–18 ára og þar hjálpa ég ungum íþróttamönnum að bæta hraða, snerpu og hlaupastíl. Margir sem leita til mín eru að æfa fótbolta eða handbolta og langar að bæta sig.“

Í júní verða fjögur námskeið, hvert er vika í senn og þrjár æfingar á viku.

Æfingarnar verða á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum.

## Það geta allir bætt sig!

Silja segir námskeiðin henta öllum sem vilja auka hraða og bæta sig, það séu margir sem beita sér illa og það geti leitt til meiðsla. „Það sem ég geri á námskeiðinu er að fara yfir öll atriði eins og hlaupastíl, snerpu, hliðarhreyfingar, hvernig á að hoppa og lenda, auk þess sem áhersla er lögð á liðleika. Það er mikilvægt að hlaupa rétt til þess að hægt sé að bæta sig og ná árangri. Svo gef ég leiðbeiningar um hvað megi betur fara. Ég hef boðið upp á námskeiðið í mörg ár og séð að það eru margir sem hlaupa rangt. Sumir hlaupa á þann hátt að þeir stoppa sig í hverju skrefi. Ég hjálpa nemendum að laga hlaupastílinn. Allir sem mæta eru að koma til að gera sitt besta. Aldur og geta skiptir ekki máli því það geta allir bætt sig. Eftir hverja viku fá nemendurnir pdf-skjal með helstu æfingunum sem við gerðum, svo þeir geti æft sig áfram. Myndband fylgir einnig með öllum æfingum. Ég vil ekki bara vera kennarinn þeirra á námskeiðinu, heldur kenna þeim æfingarnar svo þau geti haldið áfram að bæta sig og hjálpað sér sjálf. Þeir sem koma til mín eru metnaðarfullir íþróttamenn sem vilja ná lengra. Þú kemur til mín til að bæta þig.“

Allar upplýsingar má fá á heimasíðu Silju: [www.siljaulfars.is](http://www.siljaulfars.is) eða Facebook: [siljaulfars.is](https://www.facebook.com/siljaulfars.is)

Netpóstur: [siljaulfars.is@gmail.com](mailto:siljaulfars.is@gmail.com)





# Sumarbúðir KFUM og KFUK – Vatnaskógur

**K**FUM og KFUK starfrækja fimm sumarþúðir, Vatnaskóg, Vindáshlíð í Kjósinni, Ölver við Hafnarfjall, Hólavátn í Eyjafirði og Kaldársel fyrir ofan Hafnarfjörð.

## Vatnaskógur

Hver þekkir ekki Vatnaskóg og ævintýrin sem þar eiga sér stað ár hvert? Vatnaskógur við Eyrarvatn í Svínadal í Hvalfjarðarsveit er heillandi staður þar sem vatnið, bátarnir, skógurinn og fjöllin í kring veita ævintýraþyrstum óteljandi möguleika til leikja og útiveru.

Á svæðinu er einnig frábær aðstaða til íþróttaiðkunar. Þar er íþróttahús, heitir pottar, fjórir grasvellir og frjálsíþróttasvæði. Á svæðinu er að finna fjöldann allan af skemmtilegum leiktækjum og meðal annars sérhannaða kassabíla.

Árabátar, hjólabátar, hoppukastalar, sandströnd, viðavangshlaup, vatnafjör, kofagerð, íþróttir og margt fleira í boði fyrir ævintýra-

þyrsta krakka á öllum aldri!

Öll kvöld enda á skemmtilegri kvöldvöku þar sem brugðið er á leik og sungið við raust. Auk þess er kafli úr Guðsorði hugleiddur kvölds og morgna. Veran í Vatnaskógi nærir jafnt líkama og sál og koma allir þaðan endurnærðir.

## Undirbúningur starfsmanna mikill

Félagið KFUM og KFUK gerir miklar kröfur til starfsmanna sinna og eru þeir bæði hæfir og vel undirbúnir fyrir starf sitt. Starfsfólki er tryggður fjölbreyttur undirbúningur með námskeiðum þar sem lögð er áhersla á fræðslu um þroska barna og unglinga, skyndihjálp og brunavarnir. Starfað er eftir siðareglum Æskulýðsvettvangsins og hefur KFUM og KFUM í áraradír gert þær kröfur til starfsmanna sinna að skila inn saka-vottorði.

Allir dvalargestir gista í Birkiskála en þar er öll aðstaða fyrsta flokks.



Það er um að gera að skrá sig sem fyrst í einhvern af þeim skemmtilegu flokkum sem Vatnaskógur býður upp á! Í hvern flokk komast mest 95 þátttakendur:

Skráðu þig eða barn þitt á vef félagsins [kfum.is](http://kfum.is)  
Sími: 588-8899  
Félagið KFUM og KFUK er staðsett að Holtavegi 28.  
Tölvupóstur: [skraning@kfum.is](mailto:skraning@kfum.is)

GAURAFLOKKUR	8.-12. JÚNÍ	10-12 ára
FLOKKUR	13-17. JÚNÍ	9-11 ára
FLOKKUR	18.-23. JÚNÍ	10-12 ára
ÆVINTÝRAFLOKKUR	24.-29. JÚNÍ	12-14 ára
FLOKKUR	1.-5. JÚLÍ	9-11 ára
FLOKKUR	8.-12. JÚLÍ	10-12 ára
ÆVINTÝRAFLOKKUR	13.-18. JÚLÍ	12-14 ára
FLOKKUR – ÖLL BÖRN	19.-24. JÚLÍ	11-13 ára
FLOKKUR	25.-30. JÚLÍ	10-12 ára
FLOKKUR	6.-9. ÁGÚST	9-12 ára
UNGLINGAFLOKKUR	12.-18. ÁGÚST	14-17 ára
FJÖLSKYLDUFLOKKUR	23.-25. ÁGÚST	
FEDGAFLOKKUR	30. ÁGÚST-1. SEPT.	6-99 ára
KARLAFLOKKUR	6.-8. SEPT.	18-99 ára





SUMARNÁMSKEIÐ Í FAXABÓLI:

# Þar sem börnin búa til skemmtilegar minningar

**B**örnin njóta þess að vera með hestunum og mynda strax tengsl við þá. Mörg börn sem hafa verið hjá okkur í gegnum árin muna vel eftir sínum uppáhaldshesti í Faxabóli. Í samskiptum sínum við hestana læra börnin að sýna ábyrgð og veita dýrinu umhyggju, enda er þeim kennt að umgangast hestana af væntumþykju og virðingu," segir Þóra Prastardóttir, stofnandi og eigandi Reiðskólans Faxabóls í Viðidal.

Faxaból hefur starfað frá árinu 2000 en Þóra hefur stundað hestamennsku frá barnæsku og tekið virkan þátt í heimi hestamenskunnar ásamt fjölskyldu sinni.

Núna er hafin skráning á

sumarnámskeiðin hjá Faxabóli en fyrsta námskeiðið hefst 11. júní og standa þau fram yfir miðjan ágúst. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur, frá mánudegi til föstudags. Kennst er frá kl. 9-12 eða 13-16. Reiðskólinn sér um að útvega allan öryggisbúnað, reiðtygi og góða hesta.

Hver nemandi fær að prófa sem flesta hesta meðan á námskeiðinu stendur til að geta öðlast meira öryggi og þekkingu í hestamenskunni. Kennslan byggist á verklegum æfingum og reiðtúrum ásamt bóklegri kennslu. Nemendur eru beðnir um taka með sér létt nesti og klæða sig eftir veðri. Nemendum er skipt í hópa eftir getu og þekkingu

og fá allir kennslu við sitt hæfi. Námskeiðin eru ætluð börnum á grunnskólaaldri.

„Við leggjum áherslu á að í Faxabóli á að vera gaman og þar á öllum að líða vel. Námskeiðin einkennast því af gleði og krakkarnir eru duglegir og starfsamir. Við leggjum áherslu á að kynna nemendum okkar hestamenskuna þann tíma sem þau eru hjá okkur, kenna þeim grunntökin í reiðmennsku með því að flétta leik inn í þær æfingar sem þjálfa þau til að verða sjálfstæð í stjórnun hestsins. Sem fyrr segir leggjum við mikið upp úr vellíðan hestsins og að börnin sýni dýrunum virðingu," segir Þóra.

Hún segir jafnframt að mörg börn

taki ástfóstri við hestamenskuna eftir að hafa kynnst henni í gegnum sitt fyrsta námskeið hjá Faxabóli og mörg börn sækja þessi námskeið ár eftir ár, sum fara að sækja líka í námskeið yfir vetrartímamann og taka að gera hestamenskuna að lífsstíl: „Við í Faxabóli erum stolt af því að geta sagt að margur afburðaknapinn hefur hafið sína hestamennsku hjá okkur og meira að segja nokkur þeirra útskrifast frá Hólaskóla og starfa sem tamningamenn og reiðkennarar," segir Þóra.

Ítarlegar upplýsingar er að finna um námskeiðin á vefsíðunni faxabol.is og þar er jafnframt hægt að ganga frá skráningu.







# Sumarbúðirnar Ástjörn – Sumardvöl í sól og sælu

**S**umarbúðirnar Ástjörn í Kelduhverfi á Norðausturlandi eru fyrir drengi og stúlkur á aldrinum 6–12 ára og 13–15 ára unglinga og hafa verið reknar sem kristilegar sumarþúðir síðan 1946. „Það er mjög algengt að börnin sem koma til okkar eigi foreldra eða afa sem voru í sumarþúðunum hjá okkur á sínum tíma og okkur þykir mjög vænt um það,” segir Árni Hilmarsson forstöðumaður. Börnin koma alls staðar að af landinu og mjög oft koma systkini saman. Flest börnin dvelja í einn flokk, en sum lengur. Flokkarnir eru 7, 8 eða 10 sólarhringar.

## Friðsæl tjörn, umlukin þéttum birkiskógi

Ástjörn, með öllum sínum árabátum, kajökum, kanóum, hjólabátum og segliskútum, hefur alltaf mjög mikið aðdráttarafl fyrir börnin og er sívinsæl, og ekki síst vegna hornsílanna sem börnin veiða í

háfana sína. Einnig eru svokallaðir sökkvibátar mjög spennandi því það eru sérstakir bátar sem má sökkva þegar synt er í tjörninni á góðviðrisdögum. Einnig er margt annað um að vera svo sem knattspyrna, körfubolti, fönður, alls kyns leikir og keppnir, kvöldvökur, Biblíusögur og söngur. Íþróttahús er í næsta nágrenni sem hægt er að nota þegar sólin lætur ekki sjá sig og þar er einnig sundlaug. Á góðviðrisdögum er fjöruferð alltaf vinsæl og hestaleigan Active North (activenorth.is) í Ásbyrgi stendur þeim til boða sem vilja borga fyrir hana. „Föndurherbergið okkar er mjög vinsælt og börnin virkilega njóta þess að sitja þar í næði og fönndra að vild og það er alltaf jafn gaman að sjá hvað börnin geta verið frjó og frumleg í köpun sinni,” segir Árni.

„Það gleður okkur alltaf jafn mikið að heyra að börnin fari ánægð heim,” segja starfsmenn Ástjarnar.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að kenna börnunum

að ganga vel um náttúruna.

Sumarbúðirnar Ástjörn eru þær einu á landinu sem eru í þjóðgarði.

Margir foreldrar eru ánægðir með að börnin noti hvorki farsíma né tölvuspil við Ástjörn.

Ástjörn hefur m.a. þá sérstöðu að þvottahús er á staðnum þar sem allt er þvegið af börnunum, mörgum foreldrum til mikillar ánægju.

Í nágrenni Ástjarnar eru sannkallaðar náttúruperlur og athyglisverðir staðir sem upplagt er fyrir Íslendinga almennt að skoða betur, t.d. Ásbyrgi, Hljóðaklettur, Hólmatungur, Grettisbæli, Jökulsárgljúfur, Dettifoss og Hafragilsfoss.

Fyrir þau börn sem koma með flugi frá Reykjavík til Akureyrar þá á Ástjörn frátekin flugsæti, sjá nánar [astjorn.is/flug](http://astjorn.is/flug).

Fylgdarmaður frá Ástjörn eða flugfélaginu fylgir börnunum í flugvélinni og á Akureyrarflugvelli taka starfsmenn Ástjarnar á móti börnunum.

Síðan er ekið til Ástjarnar og tekur það um tvær klukkustundir, rútuferðin er innifalin í dvalargjaldinu.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 462-3980, á heimasíðunni [astjorn.is](http://astjorn.is) og einnig á [facebook.com/astjorn](https://facebook.com/astjorn) þar sem hægt er að sjá fleiri myndir, og sömuleiðis myndbönd á [youtube.com/astjorn](https://youtube.com/astjorn)

Netfang: [astjorn@astjorn.is](mailto:astjorn@astjorn.is)

Kostnaður við sumarþúðadvölinna er innan við 6.500 kr. á sólarhring. 10% systkinaafsláttur fyrir bæði systkini og meiri afsláttur fyrir fleiri systkini.

Laugardaginn 29. júní verður opið hús. Allir eru velkomnir í heimsókn að skoða staðinn og alveg sérstaklega Ástirningar, foreldrar þeirra, starfsfólk, vinir og velunnarar. Nánar auglýst síðar.

## Flokkar og verð:

Fyrir 6–12 ára börn (10 eða 8 sólarhringar):  
 1. flokkur: 18.–28. júní (þriðjud.–föstud.) 61.900 kr.  
 2. flokkur: 3.–11. júlí (miðvikud.–fimmtud.) 51.900 kr.  
 3. flokkur: 16.–26. júlí (þriðjud.–föstud.) 61.900 kr.  
 Unglingavika: 13–15 ára (rúmlega 7 sólarhringar):  
 4. flokkur: 30. júlí–6. ágúst (þriðjud.–þriðjud.) 42.900 kr.



## Ummæli ánægðra foreldra:

„Dóttir mín er ótrúlega spennt að komast í sumar og er búin að spyrja mikið hvort að hún fengi ekki að vera lengur en s.l. sumar. Henni líkaði dvölin hjá ykkur rosalega vel.”

„Sonur minn var mjög ánægður með dvölinna í fyrra og þegar hann talar um Ástjörn kemur alveg sérstakur glampi í augun og allt sem sagt er frá hefur yfir sér ævintýraljóma. Sem sagt alveg frábærar sumarþúðir.”

„Dætur mínar eru svo ákveðnar að koma aftur í sumar, enda koma þær alltaf himinsælar heim frá Ástjörn. Þær hlakka mikið til og það gleður mig líka ”

„Halló, sonur okkar ætlar að koma á Ástjörn þriðja sumarið í röð. Ekkert sumarfri án Ástjarnar.”

„Drengurinn minn kom í fyrsta skipti til ykkar í fyrra. Hann fékk smá heimþrá en ekki alvarlegri en svo að hann bað um að fá að fara aftur daginn eftir að hann kom heim. Nú hefur ekkert annað komið til greina hjá honum en að vera eins lengi og hægt er. Bestu kveðjur og takk fyrir okkur”

„Krakkarnir voru svo ánægð með dvölinna síðasta sumar þannig að þau heimta að koma aftur”





# Grænkeramatreiðsla, veganlífsstíll og minni matarsóun

## MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ DÓRU:

**É**g er með grænar rætur, rak lengi veitingastaðinn Á næstu grösum og Culina veitingar og hef sótt alls konar skemmtileg námskeið tengd grænkeru lífsstílum. Þannig að á þessum græna grunni mótast mínar aðferðir. En inn í þetta blandast líka sú áskorun sem brennur heitt á okkur öllum: Það sem við borðum skiptir svo miklu máli varðandi loftslagsvandann. Þetta tvennt vinnur saman," segir matreiðslumeistarinn Dóra Svavarsdóttir en hún býður upp á nokkur skyld matreiðslunámskeið seint í apríl og í maí: Grænkeru matreiðslunámskeið, Viltu vera vegan? og Eldað fyrir einn. Fyrri tvö námskeiðin kynna fyrir fólki grænmetisfæði og vegan-lífsstíllinn en það þriðja tekst á við matarsóun og þá áskorun að skipuleggja eldamennsku þegar bara einn eða tveir eru í heimili.

„Ég kenni fólki að minnka uppskriftir og minnka einingar, fer yfir í hvaða magni er sniðugt að elda og svo bendi ég á leiðir til að auka fjölbreytni," segir Dóra en þetta er námskeið sem getur allt í senn hjálpað okkur að spara peninga, sóa minna og verða umhverfisvænni.

„Það er ekki raunhæft að allir verði vegan, en það er alveg á hreinu að við á Vesturlöndum verðum að minnka kjötneyslu allverulega ef við

ætlum að uppfylla skuldbindingar okkar varðandi loftslagsmál," segir Dóra.

„Ég legg líka áherslu á vandaða vöru, það þarf ekki að vera dýrasta varan en helst matur sem við vitum hvaðan kemur. Ég nota sjálf bara hreinan mat. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þátttakendur á námskeiðinu hafa hinar ýmsu forsendur og þetta er hugsað sem viðbót við þeirra eigin aðferðir," segir Dóra.

Námskeiðin eru öll verkleg og fólk eldar á staðnum. Síðan borðar hópurnir saman, en kennt er í litlum hópum.

Námskeiðin fara fram í húsnæði Hússtjórnarskólans að Sólvallagötu 12 í 101 Reykjavík. Þau standa frá kl. 17.30 til 22. Fólk tekur með sér svuntu, inniskó og dalla undir afganga til að gefa svöngu heimilisfólki að borða og kosta 9.900 kr.

### Námskeið framundan:

apríl: Grænmetisfæði / grænkeramatur

maí: Eldað fyrir einn

maí: Viltu vera vegan?

maí: Grænmetisfæði / grænkeramatur

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni [culina.is](http://culina.is). Skráning er í gegnum netfangið [dora@culina.is](mailto:dora@culina.is) eða í síma 892-5320.





**S**umar skóli TBR hefur verið starfræktur í um 30 ár. Þetta er alhliða íþróttaskóli og eru fjölmargar íþróttagreinar á dagskrá. Badmintoníþróttin skipar þó veglegan sess, enda er hún aðalíþrótt TBR. Við starfrækjum íþróttaskóla fyrir 6–13 ára börn í sumar. Skipt er í hópa eftir aldri.

Á námskeiðinu er stefnt að því að kynna nemendum helstu grunnatriði badmintoníþróttarinnar, s.s. grip, uppgjöf og háhögg. Kennslan fer bæði fram á leikjaformi og í formi tækniaefinga og skiptist erfiðleikastig þeirra eftir aldri og getustigi þátttakenda. Einnig kynnast nemendur helstu leikreglum.

Við leggjum mikla áherslu á að námskeiðið sé fjölbreytt, ánægjulegt og skemmtilegt og við nýtum okkar

frábæra staðsetningu í Laugar- dalnum og einnig spennandi lóð umhverfis TBR-húsið. Áhersla er lögð á fjöruga leiki og þroskandi og við erum mikið úti við ef veður leyfir. Á hverju námskeiði er m.a. farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og í sund í Laugardalslaug. Í lok hvers námskeiðs er pylsupartí, leikið í hoppukastala og fleira skemmtilegt gert.

Boðið verður upp á bæði heils- og hálf dagsvistun, frá kl. 9–13 og 9–16. Möguleiki er á gæslu frá kl. 8–9 og frá kl. 16–17. Þá er boðið upp á léttan hádegisverð fyrir þau börn sem eru í heilsdagsvistun.

Þjálfarar eru m.a. Atli Jóhannesson íþróttáfræðingur, Árni Þór Hallgrímsson badmintonþjálfari, Jóhann Kjartansson badmintonþjálfari, o.fl.

Öll börn í Sumarskólanum fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku og verðlaunapening eins og stefna ÍSÍ í þjálfun barna og unglunga segir til um.

Námskeið 1 – 11. júní–21. júní  
\*\* 8 daga námskeið

Námskeið 2 – 24. júní–5. júlí  
\*\* 10 daga námskeið

Námskeið 3 – 6. ágúst–16. ágúst  
\*\* 9 daga námskeið

**Upplýsingar og innritun eftir 9. maí í síma 581-2266.**

Verð á námskeiðum:

8 daga námskeið:  
Verð er 11.800 kr.  
fyrir námskeið kl. 9–13  
– 21.200 kr. fyrir námskeið kl. 9–16

9 daga námskeið:  
Verð er 13.300 kr. fyrir námskeið kl. 9–13  
– 23.900 kr. fyrir námskeið kl. 9–16

10 daga námskeið:  
Verð er 14.700 kr. fyrir námskeið kl. 9–13  
– 26.500 kr. fyrir námskeið kl. 9–16.

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík

Skráning hefst 10. maí í síma 581-2266

Nánari upplýsingar á tbr.is  
Netpóstur: tbr@tbr.is



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# „Bíðið bara, þarna verð ég einn daginn“

■ Magnús Ver fílefldist við bústörf ■ Slóst við Kazmaier ■ Simhleranir lögreglunnar ■ Reynir stofnfrumumedeferð til að bjarga hnjánnum



MYND: HANNA/DV

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



**M**agnús Ver Magnússon, einn sigursælasti aflraunamaður sögunnar, hefur verið viðloðandi kraftasport síðan hann var unglingur á Seyðisfirði, en aflíð fékk hann við bústörf í Jökulsárhlíðinni sem polli. Blaðamaður DV settist niður með Magnúsi og ræddi við hann um æskuna, einstakan feril, samferðamennina, hleranir, núverandi störf og heilsu.

## Allt þurfti að vera erfitt

Magnús Ver fæddist á Egilsstöðum árið 1963. Fyrstu árin bjó hann á sveitabæ ömmu sinnar og afa í Jökuldalnum.

„Ég vildi alltaf fá mjólk beint úr belgunni. Á þessum tíma voru kýrnar handmjólkaðar og ég fékk alltaf glas af ylvolgri mjólk eftir mjaltir. Annars var ég ósköp venjulegur krakki og ekkert mjög óþægur,“ segir Magnús um æskuárin í sveitinni.

Amma hans og afa brugðu búi um það leyti sem skólaganga Magnúsar hófst og þá fluttist hann til Reykjavíkur með móður sinni, Elsu Jónsdóttur, og fósturföður, Hreggviði M. Jónssyni. Faðir Magnúsar, sem hann var skírður í höfuðið á, féll frá þegar hann var mjög ungur. Þrjú yngri hálf systkini á Magnúsi en eldri hálf systir hans er fallin frá.

Magnús gekk í Austurbæjarskólann og Fellaskólann til tólf ára aldurs en þá flutti hann austur til Seyðisfjarðar. Á hverju ári var Magnús sendur í sveit, á Torfastaði í Jökulsárhlíð, þar sem Hreggviður ólst upp en bróðir hans rak þar býli.

„Þetta var nú sérstakur karl,“ segir Magnús og brosir. „Það mátti ekkert gera á auðvelda máttann. Það þurfti allt að vera erfitt. Hann var með þeim fyrstu í sveitinni til að fá sér bindivél en hjá okkur voru bundnir stærstu og þungstu baggarnir í sveitinni. Svo þurfti ég að bera þá.“

Varðst þú hraustur af verunni þar?

„Að stórum hluta, já. Ég gekk í öll bústörf, alveg sama hvað það var, og þótt ég hafi aðeins verið tólf ára gamall. Þetta voru góðir tímar. Ég keyrði traktor, sló og rakaði. Stundum keyrði ég vörubílinn.“

Það er aldrei langt í brosið hjá Magnúsi, sérstaklega þegar hann rifjar upp þessa gömlu tíma.

## Þarna verð ég einn daginn

Unglingsárunum varði Magnús á Seyðisfirði. Mikil vatnaskil urðu í lífi hans í kringum átján ára aldurinn þegar lögreglumaðurinn og kraftlyftingamaðurinn Óskar Sigurpálsson flutti í bæinn. Hann hafði meðal annars keppt tvívegis á Ólympíuleikum og var talinn faðir lyftinganna á Íslandi.

„Eftir að hann kom á staðinn voru keypt tæki til lyftinga, stangir, lóð og þvíumlíkt. Við strákarnir vildum ólmir komast í þetta og byrjuðum að lyfta. Ég reyndi aðeins fyrir mér í fótbolta og frjálsum íþróttum á þessum árum líka. Aðallega kastgreinunum fyrir ▶

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



KÖGURSEL, 109 REYKJAVÍK  
75.900.000 kr.

Tegund Einbýli á 2 hæðum  
Stærð 199 M<sup>2</sup>  
Herbergi 6



NAUSTABRYGGJA, 110 REYKJAVÍK  
79.900.000 kr.

Tegund Fjölbýli  
Stærð 184 M<sup>2</sup>  
Herbergi 6



KVÍSLARTUNGA, 270 MOSFELLSBÆR  
86.900.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum  
Stærð 286 M<sup>2</sup>  
Herbergi 7

MYND: HANNA/DV



ÚÍA. En hugurinn hneigðist sífelld meira að lyftingunum.“

Magnús hóf að keppa á Íslands-mótum í lyftingum og gekk vel. Rúmlega tvítugur flutti hann til Reykjavíkur og hóf vélvirkjunarnám í Iðnskólanum. Óskar var þá einnig fluttur aftur suður og hafði ásamt fleirum opnað lyftingaaðstöðu í Engihjallanum og Magnús æfði hjá honum. Sú stöð tók við af hinu gamla Jakaból í Laugar-dalnum. Um tíma höfðu krafta-menn einnig aðstöðu við Smiðju-veg skammt frá þeim stað þar sem

hið nýja Jakaból stendur nú. Mikil gróska var í kraftlyftingunum á þessum árum. Skúli Óskars-son hafði sett heimsmet og Jón Páll Sig-marsson var kominn fram sem ný stjarna.

„Ég man eftir að hafa séð Jón Pál standa á pallinum og kallað þessa frægu línu: „Ekkert mál fyrir Jón Pál!“ Þá sagði ég við félagi mína sem horfðu á þetta með mér: „Bíðið bara, þarna verð ég einn daginn.“ Þeim fannst þetta voða fyndið. En hlógu ekki að þessu nokkrum árum síðar,“ segir Magnús og glottir.

Magnús leit mjög upp til Jóns Páls á þessum tíma. Hann átti þó einnig fyrirmyndir úti í heimi, Bandaríkjamennina Ed Coan og Bill Kazmaier. Leiðir Magnúsar og Kazmaier áttu eftir að liggja saman síðar.

#### Ekki heppni

Magnús segir sína gæfu hafa verið fólga í því að taka mjög vel við þjálfun.

„Ég var að gera nákvæmlega sömu æfingar og margir aðrir en ég bætti mig meira. Margir undrudust



Sterkasti maður heims Magnús heldur hér tveimur bifreiðum.

## Á þessum tíma voru kýrnar handmjólkaðar og ég fékk alltaf glas af ylvolgri mjólk eftir mjaltir

á því hversu vel líkaminn aðlagðist þjálfuninni. Ég setti unglíngamet og Íslandsmet. Síðan fór ég út og varð Evrópumeistari og vann stiga-keppnina, sem var mjög óvenjulegt fyrir mann í þyngri flokk, 125 kíló-gramma. Yfirleitt voru það 60 kílóa mennirnir sem unnu það.“

Hann fór einnig að fíkta við aflraunir á þessum tíma. Fyrsta stóra mótið var á Húsavík og hljóp Magnús þá í skarðið fyrir Jón Pál sem var meiddur. Einnig keppti hann á aflraunamótum í Skotlandi og í Kanada. Gekkt Magnúsi svo vel að hann fékk boð um að vera vara- maður í keppninni Sterkasti maður heims árið 1991 á Tenerife. Sá hann þá einnig um að prófa greinarnar fyrir sjónvarpsmyndavélarnar. Fimm vikum fyrir keppnina fékk Magnús símhringingu þar sem honum var sagt að Jón Páll hefði rífið upphandlegginn og þeir vildu að hann hlypi í skarðið.

Þetta voru stórir skór til að stíga?

„Já, Jón Páll var ríkjandi meistari og hafði unnið fjórum sinnum. Mér fannst mikill heiður að fá að keppa fyrir Íslands hönd. Auðvitað var þetta samt pressa. Við Jón Páll vorum búnir að vera mjög jafnir á aflraunamótunum um sumarið. Ég var í mjög góðu formi og tilbúinn í allt. En þegar ég hitti hina keppendurna á flugvellinum í London fannst mér ég vera þínulítill.“

Þarna voru meðal annarra mættir hinn 213 sentimetra hái Hollendingur Ted Van Der Parre og Austurríkismaðurinn Manfred Höberl með sína tröllvöxnu upphandleggi. Þrátt fyrir þetta vann Magnús keppnina með töluverðum yfirburðum. Hann var svo langt á undan að í síðustu greininni þurfti hann ekkert að leggja á sig.

„Eftir keppnina var byrjað að skvaldra um að þetta hefði verið heppni. Minnt var á að hvorki Jón Páll né Jamie Reeves, tveir síðustu meistara, hefði verið þarna. Til þess að sanna að þetta hefði ekki verið heppni hélt ég áfram,“ segir Magnús.

#### Annar sigurinn sætastur

Árið eftir var keppnin haldin á Íslandi. Magnús var þar grátlega nálægur sigri en hafnaði í öðru sæti á eftir Van Der Parre með aðeins eins stigs mun.

„Ég gerði afdrifarik mistök með Húsavatnshelluna í síðustu grein. Ég lyfti henni allt of hátt því mér fannst hún svo létt en sá ekki hvert ég var að ganga. Auk þess lagðist hún á brjóstakassann og hefti öndunina. Þegar ég reyndi að láta hana síga missti ég hana. Þetta kostaði mig titilinn.“

Var þetta mesta eftirsjáin á ferlinum?

„Já, ég átti að vinna þetta. Ég var með sigurinn í höndunum. Auk

þess var ég á heimavelli.“

Aftur hafnaði Magnús í öðru sæti árið 1993 í Frakklandi. En sú keppni var háð skömmu eftir sviplegt fráfall Jóns Páls. Hafði það mikið að segja fyrir Magnús.

„Hausinn á mér var ekki á réttum stað. Eftir þá keppni áttaði ég mig samt á því að ef ég hefði unnið mína heimavinnu hefði ég sigrað. Þetta hvatti mig til að æfa stífar og undirbúa mig betur. Keppnin árið 1994 í Suður-Afríku var mjög hörð og Manfred Höberl hafði verið hálfósigrandi þá um sumarið. Þetta endaði í einvígi með steinana á milli mín og hans og ég hafði betur. Þetta var mín stærsta stund á ferlinum og jafnframt erfiðasta mótið. Ég var svo úrvinda að ég neitaði að taka flugið heim daginn eftir. Ég kláraði mig alveg og ætlaði ekki að halda áfram. Svo gleymdi ég því auðvitað,“ segir Magnús og hlær.

Tvö næstu mót, á Bahamaeyjum og Míritíus, vann Magnús nokkuð örugglega. Aðeins hann og Bill Kazmaier hafa unnið keppnina þrisvar sinnum í röð.

#### Gaf Kazmaier olnbogaskot eftir svindl

Hverjir voru þínir helstu styrkleikar?

„Ég var sagður hraður, úthaldsgóður og gripsterkur. En mér gekk alveg jafn vel í greinum sem genu út á hrátt afl. Minn styrkur var að vera jafn góður í öllu. Það er hægt að vinna svona mót án þess að vinna eina einustu grein, það er ef þú ert annar í þeim öllum. Ég vildi aldrei vera of þungur, yfirleitt létti ég mig fyrir keppni til að verða hreyfanlegri og hafa betra úthald. Flestir aðrir þyngdu sig fyrir mótin.“

Magnús keppti á fjölmörgum öðrum aflraunamótum, þar á meðal í liðakeppni með Hjalta Úrsus Árnasyni á Pure Strength. Árið 1989 lentu þeir í óvæntri upp- ákomu gegn ameríska liðinu sem samanstóð af Bill Kazmaier og O.D. Wilson heitnum.

„Við vorum að hlaupa með tunnurnar eftir ákveðinni leið. Við þurftum að hlaupa í gegnum göng og það var ekki mikið pláss inni í þeim. Kazmaier var það sem kallast mætti „dirty player,“ segir Magnús og hlær. „Sérstakur karl og virtist þrífast á því ef hann gat komist upp með eitthvert svindl. Hann var búinn að vera að ýta á mig inni í göngunum en ég lét það ekki á mig fá. Síðan gerðist það að Wilson réð ekki við sína tunnu og missti hana yfir vegg ofan af brú. Hann þurfti síðan að sækja hana undir brúna. Kazmaier sá hvað kom fyrir félagi sinn og vildi tefta mig á meðan Wilson sótti tunnuna. Þá ýtti hann við mér svo að ég

## Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði  
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

**TUDOR**  
Alltaf öruggt start  
eftir kaldar nætur

Hraðþjónusta

Við mælum  
rafgeyma og  
skiptum um

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST  
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

## „Hann var nýdottinn niður og það var verið að hnoða og blása í hann

missti mína tunnu yfir vegginn en hún lenti ofan á Wilson.“

Wilson náði að sjá tunnuna í tæka tíð og slasaðist aðeins minniháttar á hönd og í baki.

„Hann var hálf vankaður þarna í svolitla stund. Ef þetta hefði verið einhver annar en þetta tröll þá hefði þetta getað farið verr.“

*Hvernig brugðust þið við þessum óheiðarleika Kazmaier?*

„Það var ekki sýnt í útsendingunni, en það fauk vel í mig. Fólk kom úr öllum áttum og þurfti að ganga á milli okkar. Ég gaf karlinum gott olnbogaskot á kjálkann,“ segir Magnús og skelli-hlær.

O.D. Wilson, sem lést árið 1991, var mikið naut að burðum. Magnús segist aldrei hafa litist á Wilson þegar hann var reiður og beitti því ákveðinni aðferð gegn honum.

„Ég sagði honum oft brandara fyrir greinar til að létta lundina hjá honum. Þar með varð hann viðráðanlegri.“

### Vildi ekki apa eftir Jóni Páli

Talið berst aftur að Jóni Páli enda hann og Magnús Ver oft nefndir í sömu andrá. Jón og Magnús voru harðir keppinautar en að sama skapi góðir vinir og Magnús segist eiga honum margt að þakka.

*Þið unnuð báðir fjóra titla, hvor ykkar var sterkari?*

„Allir eru menn síns tíma,“ segir Magnús og hikar svolitla stund uns hann glottir og segir: „En ég bætti öll metin hans.“

Jón Páll lést aðeins 32 ára gamall í æfingastöð sinni Gym 80 árið 1993. Var hann mikill harmdauði fyrir bæði aflraunaheiminn og þjóðina alla.


„Þetta var heilmikið áfall,“ segir Magnús með þunga. „Ég var akkúrat að koma á æfingu þegar þetta var að gerast. Hann var nýdottinn niður og það var verið að hnoða og blása í hann. Ég rétt sá þetta og fór þá strax fram aftur. Þetta var ekki eitthvað sem maður vildi horfa á. Síðan kom sjúkrabíllinn og sótti hann og ég fór heim. Það var engin æfing þann daginn. Og ekki þann næsta heldur. Það var ákaflega mikill missir að þessum manni. Ég fæ stundum þessa undarlegu tilfinningu, mig dreymir að hann sé á lífi. Enn þá er maður ekki búinn að meðtaka það að fullu að karlinn hafi farið.“

Eins og flestir vita var Jón Páll afar líflegur persónuleiki og nokkurs konar holdgervingur

Magnús og Bill Kazmaier Háðu miklar rímmur á sínum tíma.



Magnús árið 1995 Hugsaði margsinnis um að hætta.



níunda áratugarins.

„Ég hef fengið spurningar um það af hverju ég væri ekki eins; kallandi „I am the viking“ og allt þetta. En það hefði verið kjánalegt ef ég hefði farið að apa eftir honum. Þetta var Jón. Ég vildi vera minn karakter.“

*Hvernig tókst þú á við frægðina?*

„Ágætlega. Þetta gat stundum verið skrytið en ég passaði upp á að sinna aðdáendum. Þegar verið var að skrifa eiginhandarritanir stóð ég alltaf lengst. Auðvitað gat þetta verið ónæði, til dæmis í skemmtanalífinu þegar menn voru endalaust að biðja mig að taka sjómann við sig. Ég sagði þá: Nei, þú ert svo hrikalegur að ég þori ekki í þig.“

### Kom aflraunum fatlaðra á fót

Magnús hefur verið viðloðandi kraftasport alla tíð síðan. Eftir keppnina 1996 hélt hann áfram að keppa en lét Sterkasta mann heims eiga sig. Síðast vann Magnús titilinn Sterkasti maður Íslands árið 2004, þá 41 árs gamall. Í dag ferðast hann mikið um heiminn, heldur fyrirlestra, dæmir mót, ráðleggur og skipuleggur. Hann er í forsvari fyrir Félag kraftamanna sem reka æfingaaðstöðuna Jakaból. Einnig aðstoðar hann Andrés Magnússon við uppsetningu á keppnisbrautum fyrir Skólahreysti. Það sem Magnús er hvað stoltastur af er keppnin Sterkasti fatlaði maður heims. Arnar Már Jónsson kom keppninni á legg fyrir um sautján árum og Magnús kom að verkefningu sem hefur dafnað með hverju árinu.

„Við vorum einir í heiminum í mörg ár. En síðan fór þetta út fyrir landsteinana og er nú orðið að alheimsfrótt, aflraunir fatlaðra. Hvert landið bættist við af öðru og þýskt fyrirtæki að nafni ATX hefur stutt verkefnið dyggilega. Næsta aðalkeppni verður haldin í júní í Kanada.“

*Af hverju byrjuðu þið á þessu?*

„Þetta er hluti af því að gefa til baka. Það eru fáir jafn þakklátir og fatlaðir og það er ákaflega gefandi að starfa við þetta. Fram að þessu var ekkert í boði fyrir fatlaða kraftamenn annað en að lyfta. Við sýndum fram á að þeir geta gert mun fjölbreyttari hluti í kraftasporti. Bera kúlusteina og hvað eina. Sumt höfum við rekið okkur á að virkar ekki, til dæmis að draga bíla á eftir sér í hjólastólum. En þeir geta vel dregið þá að sér.“

### Ekki venjuleg líkamsræktarstöð

Eftir að Félag kraftamanna endurreisti nafnið Jakaból hefur æfingastöðin verið á nokkrum stöðum.

Fyrst í Þverholti í gömlu Sólarverksmiðjunni til ársins 2012. Þá uppi í Arnarbakka, í kjallara þar sem áður var verzlunin Breiðholtskjör. Í byrjun árs flutti Jakaból að Smiðjuvegi.

„Við viljum vera út af fyrir okkur og aðrir vilja síður vera innan um okkur,“ segir Magnús og hlær. „Það eru oft mikil læti þegar þyngstu lóðunum er lyft. Jakaból er ekki venjuleg líkamsræktarstöð. Þetta er um áttatíu manna félagsskapur eða klúbbur þar sem hver og einn er með sinn lykil. Gestir geta litið inn á ákveðnum tíma dagsins, en það er engin afgreiðsla eða slíkt.“

Magnús segir að flutningurinn nú síðast hafi að hluta til verið pólitískur. Reykjavíkurborg keypti húsnæðið í Arnarbakka af leigjanda Félags kraftamanna. Hann samdi hins vegar við borgina um að félagið fengi að leigja aðstöðuna eins lengi og hægt var.

„Síðan höfðu þeir hjá borginni samband við mig og sögðust þurfa að hækka leiguna því þeir hefðu keypt eignina dýru verði. Hækka hana um rúm hundrað prósent. Ég sagði það ekki koma til greina og að við færum þá út. Ég fékk einnig veður af því að þeir hefðu

verið fúlir af því að ég hafði sett út á Dag borgarstjóra í nokkur skipti á Facebook. Það var alveg greinilegt að þeir vildu losna við okkur fyrst ég var ekki Dags maður,“ segir Magnús og hlær dátt. „Allt í lagi með það. Ég fór og fann þetta fína húsnæði við Smiðjuveg. Á sama fermetraverði og borgin var að biðja um en á jarðhæð og með stórum gluggum.“

### Símhleranir byggðar á sögusögnum

Árið 2015 vann Magnús mál gegn íslenska ríkinu og hlaut miskabætur vegna ólögleggrar meingerðar af hálfu lögreglunnar. Höfðu símar hans og fjölskyldumeðlima verið hleraðir og eftirlitsbúnaður verið settur í bifreið hans. Eftir þriggja ára rannsókn var Magnús loks látinn vita.

„Ég vissi aldrei fyrir vísit af hverju þetta kom til, en tel mig vita það. Ég var að taka að mér stráka sem höfðu lent í fangelsi og voru komnir á Vernd, en það er áfangenheimili fyrir fanga sem eru að ljúka afplánun. Margir þeirra voru með vafasama fortíð og tengsl inn í fíkniefnaheiminn. Þeir voru því hjá mér sex tíma á dag við að dytta

að ýmsu á stöðinni. Lögreglan fór og fékk heimild til símhlerunar út frá einhverjum sögusögnum. Þeir þurftu ekki að hafa neitt annað til að fá að hlera.“

Ekki var aðeins sími Magnúsar hleraður heldur einnig sími dóttur hans, sem var skráður á hann.

„Þegar þeir heyrðu ekki neitt grunsamlegt töldu þeir að ég hlyti að vera að nota samskiptaforritið Skype í símanum. En ég var með gamlan síma sem studdi ekki einu sinni það forrit. Svo fengu þeir heimild til að setja hlerunar- og eftirlitsbúnað í blinn minn. Svo gerðu þeir það sama við sendibíl sem ég leigði til að flytja aflraunabúnað, því þeir voru sannfærðir um að ég væri að fara að sækja eitthvert göss. Þeir þurftu að brjóta inn í bílana til að gera þetta. Beinir hleranir stóðu yfir í mánuð en málinu héldu þeir opnu í þrjú ár. Væntanlega voru þeir að vona að eitthvað myndi detta inn á borð til þeirra sem myndi styðja allar þessar aðgerðir og allan þann pening sem þeir voru búnir að setja í málið.“

Einn dag árið 2014 fékk Magnús síðan hringingu frá lögreglunni.

„Ég var staddur í bíl þegar ▶

# LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM

## Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Allir posar frá Verifone taka við snertilausum greiðslum með farsímum

**Verifone**<sup>®</sup>

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum



## Það átti að þagga málið niður. Því var ekki um annað að ræða en að draga þá fyrir dóm.

Ég var látinn vita af því að ég hefði sætt rannsókn og svo ætlaði náunginn í símanum að kveðja án þess að segja af hverju. Síðan sveik hann það að senda mér málsnúmerið. Ég fékk mér lögræðing til að krefja þá svara en það reyndist þrautin þyngri. Það átti að þagga málið niður. Því var ekki um annað að ræða en að draga þá fyrir

dóm. Við vissum allan tímann að við værum með unnið mál og bæturnar voru ekki aðalmálið. Við vildum sýna þeim fram á að svona meðferð væri ekki í lagi.

*Sýndi lögreglan einhverja viðleitni til að bæta þér þetta eða rétta þinn hlut?*

„Nei, aldrei. Þvert á móti, á þessum tíma, gerðu þeir í því að

stoppa mig í umferðinni. Mér fannst svo merkilegt að fyrst þeir voru svona vissir í sinni sök af hverju mættu þeir þá ekki með leitarheimild, það gerðist aldrei.“

*Missir þú álit á lögreglunni?*

„Þeir hafa ákveðna vinnuferla og aðferðir sem að mörgu leyti eru skiljanlegar. En miðað við það hvernig þeir fengu þessar heimildir í gegn þá virtust þeir ekki víla það fyrir sér að ljúga. Það er fjöldi góðra manna í lögreglunni sem vinna sín störf af heilindum. En því miður eru skemmd epli inni á milli.“

### Titillinn kominn heim

Á síðasta ári vann Hafþór Júlíus Björnsson keppnina Sterkasti maður heims. Er það fyrsti titill Íslands síðan Magnús vann árið 1996. Nokkuð langur aðdragandi hefur verið að titlinum og Hafþór verið á verðlaunapalli öll árin frá 2012.

*Þú uppgötvaðir Hafþór, var það ekki?*

„Já, ég æfði um tíma í Sporthúsinu áður en við opnuðum Jakaból. Þar rakst ég á þennan síðhærða slána og spurði hvort hann væri ekki til að prófa aflraunir. Það væri ýmislegt hægt að gera við svona stóran skrokk. Hann lét tilleiðast

og mætti á Vestfjarðavíkinginn. Þar sjokkeraði hann alla hina strákana með því að vinna strax fyrstu greinina, legsteinagönguna. Eftir það varð ekki aftur snúið og hann fylgdi okkur inn í Jakaból. Síðan hefur hann opnað sína eigin aðstöðu.“

*Hvernig er hann í samanburði við ykkur Jón Pál?*

„Sportið hefur breyst gífurlega og í dag er einblínt meira á styrk en fimi. Það eru meiri þyngdir og styttri vegalengdir. Þetta gerir það að verkum að þessir stærri og þyngri menn gera betur en áður fyrr. Þessir strákar í dag eru líka betur þjálfaðir sem aflraunamenn. Við Jón æfðum aldrei kúlusteina en vorum bestir í þeim á mótum. Í dag æfa menn kúlusteina, drumbalyftu og allt saman. Þetta er orðin meiri atvinnumennska, mótin fleiri og peningarnir meiri. Hafþór var búinn að vera nálægt titlinum lengi og ég vissi alltaf að það kæmi að sigrinum. Eins og staðan er í dag virðist hann bera höfuð og herðar yfir alla aðra. Ég var að aðstoða hann við æfingar áður fyrr. Þetta var strákur sem maður gat hálfðrepið á æfingu en hann kom samt daginn eftir og bað um meira.“

### Reynir stofnfrumumeðferð

Öll þessi ár af átaki hafa tekið sinn toll hjá Magnúsi. Nú er svo komið að hnén eru farin að gefa sig vegna slitgigtar og Magnús fékk þann dóm frá læknum að skipta þurfi þeim út.

„Næstkomandi má fer ég út til Belgíu í stofnfrumumeðferð. Þetta eru óhefðbundnar lækningar en þess virði að láta á þær reyna. Samkvæmt kenningunni á þetta að draga úr verkjum og frumurnar eiga að mynda nýtt brjósk. Einn félagi minn fór þarna út í sams konar aðgerð og líður mun betur eftir hana. Ég vil prófa allt áður en ég fer í hnéskipti.“


Auk þess er hálsinn stífur eftir bílslys sem hann lenti í fyrir um tíu árum. Kom þá mikill hnykkur á hálsinn. Aðeins tveimur mánuðum síðar var keyrt aftan á hann á mót-orhjól. Kom þá aftur hnykkur á hálsinn og getur Magnús vart snúið honum til að líta aftur fyrir sig.

„Ég ríf nú lítið í lóðin núorðið,“ segir Magnús. „Hnén leyfa það ekki og öxlin er orðin slæm líka. Ég æfi minna en ég vildi gera. Alltaf eitthvað samt, því að ég verð verri ef ég sleppi því. Eins og hjá öllum öðrum sækir aldurinn að. Það er búið að nota þennan skrokk og hann er búinn að gera hluti sem hann átti ekki að geta gert.“ ■

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR  
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500

**MÁLMTÆKNI**  
ÁL • STÁL • PLAST

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

**GJÖF FYLGIR FERMINGAR-RÚMUM**

**20% afsl.**

**FERMINGAR tilboð**

vefverslun  
**svefnogheilsa.is**

Taktu því rólega og skoðaðu vörurvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



# Allt þess virði að sjá ástina upplifa drauminn

■ **María Ósk býr í Reading með Jóni Daða Böðvarssyni** ■ **Oft þurft að flytja á milli landa**

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



**M**aría Ósk Skúladóttir býr ásamt unnusta sínum, Jóni Daða Böðvarssyni landsliðsmanni í fótbolta, og rétt rúmlega fjögurra mánaða gamalli dóttur þeirra í Reading í Englandi. Þar hefur fjölskyldan dvalið í tvö ár en Jón Daði spilar með liðinu Reading á meðan María stundar fjarnám í viðskiptafræði við háskólann á Akureyri.

Parið hefur sökum atvinnu Jóns Daða þurft að flytja reglulega á milli landa og segir María það oft hafa verið erfitt, en að ekkert toppi það þó að fá að fylgjast með maka sínum upplifa drauma sína. Þrátt fyrir erfiðleika fyrri búsetuflutninga og peningavandræða hefur parið nú komið sér vel fyrir í Englandi og segist María sjaldan sakna Íslands. Bláakona fékk að forvitnast um líf þeirra úti með nýjan fjölskyldumeðlim, ferðalögnum sem fylgja starfi Jóns Daða og framtíðaráformum þeirra.

**Getur verið erfitt að lifa í óvissu og að þurfa alltaf að byrja nýtt líf**

„Síðan við fluttum frá Íslandi höf-um við búíð í Noregi, Þýskalandi og svo núna í Englandi, en hér höfum við verið í næstum því tvö ár. Við kunnum virkilega vel við okkur hérna og ég vona innilega að við verðum hér sem lengst. Þar sem fótboltinn er svo óútreikn- legur veit maður víst aldrei hversu lengi maður verður á hverjum stað. Það getur verið erfitt að lifa í þannig óvissu og tekið á að þurfa alltaf að byrja algjörlega nýtt líf á nýjum stað. Það lendir líka oftast á fjölskyldum fótboltamannanna að standa í flutningum á milli staða þar sem þeir verða að fara strax á nýja staðinn. Ég hef því staðið nokkrum sinnum í því að þurfa að sjá um skipulagningu og flutning á milli landa. En það er auðvitað líka mjög spennandi og gaman að fá að prófa að búa á mörgum stöð- um,“ segir María sem er um þess- ar mundir í fæðingarorlofi með dóttur sinni ásamt því að sinna námi og halda úti bloggsíðu sinni (mariaosks.com).

María segir fjölskylduna heppna með ættingja og vini sem heimsækja þau reglulega til Eng- lands og því sakni þau Íslands ekki mikið. Þá segist hún einnig hafa mörg áhugamál sem hún nýtir tíma sinn í.

„Í sannleika sagt þá sakna ég Íslands ekki mikið þótt það komi tímabil sem ég sakna þess meira. Það eru þá aðallega fjölskyldan og vinir sem maður saknar. Svo eru vissir hlutir sem maður saknar meira, eins og til dæmis allar sundlaugarnar. Einmitt núna þá ver ég stærstum hluta dagsins



**Launin voru alls ekki frábær og við bjuggum í gamalli eins svefnherbergis kjallaraíbúð**

heima við að sjá um dóttur okkar, elda mat, taka til og svoleið- is. Síðan reyni ég eftir bestu getu að troða náminu inn þegar ég hef dauðan tíma. Síðustu daga hef ég einnig verið að skipuleggja skírn en við ætlum að skíra dóttur okkar þegar við komum til Íslands eftir að tímabilinu hjá Jóni Daða lýkur. Ég hef svo mörg áhugamál, með- al annars tísku, ljósmyndun, lestur og málun. Svo get ég eytt heilu kvöldunum í sjónvarpsgláp, en mér finnst mjög gaman að horfa á góða sjónvarpsþætti.“

**Lífð oft erfiðara en fólk býst við þegar það heyrir starfs- heitið atvinnumaður í fótbolta**

Þrátt fyrir að atvinna Jóns geri að verkum að hann ferðist mikið þá er María ekki alltaf með í för. Hún fór þó með honum þegar hann spilaði með landsliðinu á EM og HM og segir það hafa verið æðis- lega og spennandi upplifun.

„Ég hefði örugglega aldrei val- ið að ferðast til Rússlands annars. Þegar landsliðið spilar fer ég oft- ast til Íslands, hvort sem leikurinn er heima eða ekki, og ég er ekki dugleg að fara á útileiki þegar Jón Daði spilar hérna á Englandi. Fjöl- skyldur fá venjulega ekki að ferð- ast með í fótboltanum og til dæm- is bæði á EM og HM þá var mjög takmarkað hvað við fengum að hitta strákana okkar. Á EM ferðu- ust flestar fjölskyldur á eigin veg- um og við hittum strákana aðeins í skamma stund eftir hvern leik. Í Rússlandi var fyrirkomulagið mjög svipað hvað það varðar nema KSÍ hélt aðeins betur utan um okkur í það skiptið. Ég reyni að fara til



Lærir viðskiptafræði Dreymir um eigin rekstur í framtíðinni.

Íslands á alla landsleiki sem eru spilaðir þar, en það gæti breyst að- eins núna eftir að við eignuðumst dóttur okkar.“

María segir erfitt að útskýra

fyrir fólki hvernig það sé að eiga unnusta sem er atvinnumaður í knattspyrnu, því staða þeirra getur verið svo mismunandi hverju

sinni.

„Fyrir mér er þetta bara ósköp venjulegt líf þar sem makinn ferð- ast og er mikið erlendis vegna ▶

## GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola



**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða [www.igf.is/panta](http://www.igf.is/panta)

starfsins. Þegar við Jón Daði byrjuðum saman árið 2012 þá bjuggum við bæði á Íslandi. Hann spilaði með Selfossi og var ekki atvinnumaður. Þegar hann svo fékk tækifærið til þess að fara út til Noregs að spila árið 2013 þá gerði ég mér ekki alveg grein fyrir því hvað ég var að fara út í þegar ég flutti með honum. Ég hélt að þetta yrði svipað og á Selfossi. En þótt hann hafi verið atvinnumaður í Noregi þá var það kannski ekki beint eins og það líf sem margir hugsa þegar það heyrir starfsheitið „atvinnumaður í fótbolta.“ Launin voru alls ekki frá-bær og við bjuggum í gamalli eins svefnherbergis kjallará-búð öll þrjú árin sem við vorum þar. Meðal annars þegar hann var að spila sínu fyrstu landsleiki með A-landsliðinu í undankeppni EM. Þá var ég að vinna 100 prósent starf í verslun og var því mjög bundin í Noregi þegar hann var að ferðast út af fótboltanum. Það gat verið erfitt, en núna, þremur árum seinna, erum við hins vegar á betri stað í lífinu. Það gerði það að verkum að ég gat meðal annars hætt að vinna og farið í nám. Við það varð tilvera mín töluvert sveigjanlegri og auðveldara að aðlaga lífið að starfi hans.“

#### Grunaði ekki neitt

María og Jón Daði trúlofuðu sig þann 17. janúar árið 2017 eftir brösuglega tilraun Jóns til þess að biðja Maríu um að giftast sér.

„Jón Daði var búinn að skipuleggja mjög fínt stefnumót handa okkur á finum veitingastað til þess að halda upp á sambandsafmæli okkar. Þegar kom svo að stóra deginum varð hann fárveikur svo að við urðum að hætta við stefnumótið. Það voru meiri vonbrigði fyrir hann en mig þar sem ég vissi auðvitað ekkert hvað hann var búinn að plana. Eftir jól kom svo að stefnumótinu okkar og í staðinn fyrir að fara út að borða ákvað hann að panta til okkar kokk heim og hafa stefnumótið þar. Eftir að kokkurinn var farinn kallaði



Nýjasti fjölskyldumeðlimurinn  
María skipuleggur skírni á Íslandi.

hann á mig inn í stofu og þar var hann á öðru hné á miðju gólfinu með hringinn og allt tilbúið. Mér brá ekkert smá þegar ég gekk inn í stofuna og sneri við í sjokki. Ég vissi ekkert hvernig ég átti að haga mér. Ég var svo fljót að fara til hans og segja já og kyssa hann.“

Þau hófu að skipuleggja brúðkaupið og ætluðu að gifta sig sumarið 2019. Þau plön fóru þó út um þúfur þegar þau komust að því að María var orðin ólétt.

„Við ákváðum að það væri skynsamlegast að fresta því tímabundið þar sem ég var ekki tilbúin að gifta mig svo stuttu eftir að ég eignaðist barn. Ég reikna með því að skipulagið fari allt á fullt núna í sumar aftur, en við ætlum að halda brúðkaupið á Íslandi þar sem okkur langar að hafa sem flesta vini og ættingja með okkur á þessum degi.“

#### Kastaði stanslaust upp í Rússlandi á HM

Meðganga hjá Maríu gekk eins og í sögu þrátt fyrir örlytla byrjunarörðugleika en parið komst að þunguninni tveimur vikum áður en það hélt til Rússlands á HM.

„Ég upplifði hræðilega ógleði frá sjöttu til sextánda viku. Ég

## „Þar sem fótboltinn er svo óútreiknanlegur veit maður víst aldrei hversu lengi maður verður á hverjum stað“



Barn á leiðinni Bónorð  
Jóns Daða gekk brösuglega.

komst að því að ég var ólétt tveimur vikum fyrir HM á Rússlandi svo það var ekki heppilegasti tíminn. Ég var svo veik að ég hélt varla

niðri vatn og kastaði upp allan daginn, alla daga. Ég hætti næstum því við að fara út af óléttunni, en ég hitti lækni áður en ég fór út og hann skrifaði upp á ógleðislyf handa mér og sendi mig upp á kvennadeild til að fá vökva í æð daginn fyrir flugið út. Þrátt fyrir ógleðislyfin var ég þó enn þá mjög veik og ælandi nokkrum sinnum á dag alla ferðina. Ég náði þó að komast í gegnum hana án þess að allir föttuðu leyndarmálið okkar. Vissulega voru samt sumir sem áttuðu sig á hvað var í gangi. Ég ætla ekki að ljúga því að það var erfitt að njóta ferðarinnar út af þessu, enda var ég oftast föst uppi á hóteli eða að farast úr ógleði í hitanum úti. En það var allt þess virði að sjá ástina mína upplifa einn af draumunum sínum. Það gerist ekki á hverjum degi.“

Fæðing dóttur þeirra tók langan tíma og María missti mikið blóð. Þrátt fyrir þá erfiðleika þá segir María fæðinguna hafa gengið vel.

„Undanfarinn var þó mjög langur og ég var með sárar hríðir á um það bil þriggja til tíu mínútna fresti í tvo sólarhringa áður en ég byrjaði að fá útvíkkun. Það gerði að verkum að ég var búin að vaka í meira en 48 klukkutíma og var algjörlega uppgefin þegar ballið byrjaði. Ég skal alveg játa að ég fór að gráta þegar við komum í seinna skiptið upp á spítalann eftir þessa tvo sólarhringa og ég var enn aðeins með einn útvíkkun. Á þeim tímupunkti var ég farin að sjá fyrir mér að þetta myndi taka viku og ég myndi líklega deyja úr þreytu. Við ákváðum þó að fara ekki aftur af spítalanum

og það var líklega rétt ákvörðun þar sem um það bil tólf tímum seinna fæddist dóttir okkar. Fæðingin tók átta klukkutíma og rúmlega klukkutíma áður en hún kom í heiminn fékk ég loksins mænudeyfingu sem var algjör himnasending. Ég gat þá lagt mig í örskamma stund áður en hún fæddist. Ég held ég hafi aldrei séð Jón Daða jafn feginn og þegar lækurinn sem framkvæmdi mænudeyfinguna kom inn í herbergið.“

#### Draumurinn að eiga sinn eigin rekstur

Síðan dóttir þeirra kom í heiminn hefur lífið leikið við þau og telur María þau vera heppin með vært og gott barn.

„Mamma mín kom út og var hjá okkur fyrstu tvær vikurnar að hjálpa til, það er algjörlega ómetanlegt. Það hjálpaði okkur afskaplega mikið að aðlagast breytingunni og mér að ná aðeins upp svefni aftur eftir fæðinguna. Núna erum við bara ein úti og það gengur svakalega vel. Nú ætla ég bara að komast í gegnum loka-prófin í apríl ásamt því að skipuleggja skírninga og sumarfríð okkar. Það er alveg full vinna að gera það með eitt svona lítið kríli líka. Á næstu árum sé ég svo fyrir mér að klára námið en eftir það er draumurinn að vera með minn eigin rekstur. Hvað það verður er ég ekki alveg búin að ákveða enn þá. Ég hef enn smá tíma til þess að velta því fyrir mér. Á meðan ætla ég að njóta þess að vera með litlu fjölskyldunni minni og ala upp dóttur okkar.“ ■



## Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

### Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra  
Innbyggð þurrkeyrsluvörn  
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200  
110 Reykjavík | www.isleifur.is



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahandbókar og skjala.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.




## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúum þeirra

# Tímarvélín



Sparimerkjagifting-áriðandi. Eg er blankur og þarf að ná sparimerkjunum mínum út. Ert þú líka blönd? Sendu þá svar með uppl. sem fyrst til DV merkt „Mammon s/F“.

## Gamla auglýsingin

DV 27. september 1982

# Hestamannamótið 1962 var þjóðarskömm

■ Ölvaður skrill gekk berserksgang ■ Tjöld riðin niður

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Á hestamannamótum er oft glatt á hjalla og kemur það fyrir að vín sé haft um hönd. Áður fyrr var það lenska að knaparnir sjálfir væru drukknir og pískuðu hrossin ótæpilega. Á hestamannamóti á Þingvöllum sumarið 1962 logaði allt svæðið í ölaði og lögreglan réð vart við ástandið. Í Alþýðublaðinu var sagt að uppákoman hefði verið þjóðarskömm.



Drulla Fylliraftar ráfuðu um ósjálfbjarga og lögdust í móa.



Handtekinn Óeirðaseggur færður í járnum til Reykjavíkur.

Setti mótið Steinþór Gestsson á Hæli.



## Slagsmál á hestamannamótum algeng

Landsmót hestamanna sumarið 1962 var sett klukkan tíu, laugardagsmorguninn 14. júlí. Var það haldið á Skógarhólum í Þingvallaveit. Steinþór Gestsson, bóndi á Hæli, setti mótið og greindi frá því í ávarpi að hrossaræktinni færi ört fram. Hestarnir væru að fríkka og batna og áhuginn fyrir ræktun yxi í landinu. Sæist það best á fjölgun í hestamannafélögum. Voru þau orðin 24 og meðlimirnir 1.700.

Nokkur rigning var en mótsgestir glaðir og snemma góðgláðir. Keppt var um daginn og verðlaun veitt. Er það vart frásögu færandi en um kvöldið var haldinn dansleikur á hlaupabrautinni og þá færðist fjór í leikinn. Á laugardagskvöldinu var áætlað að um 6.000 manns hafi verið á svæðinu.

Nokkuð af ungmennum kom á dansleikinn frá Reykjavík og vildu hestamenn meina að þau hefðu staðið fyrir þeim ólátum sem hér verður gerð grein fyrir. Í frásögnunum blaðanna kemur þó fram að fullorðnir hafi tekið þátt í óspektunum og læðist að sá grunur að sá þáttur sé vanmetinn í frásögnunum.

Íðulega gerðist það að hestamenn mættu á mót búnir að fá sér í aðra tána og stigu drukknir á bak. Slagsmál á hestamannamótum voru ekki óalgeng þó að sjaldnast hafi þau endað með jafn miklum látum og þetta umrædda sumar.

## Brjálæðist í bílnum

Samkvæmt Tímanum þann 17. júlí tók drykkjuskapurinn að færast í aukana um klukkan fjögur á laugardeginum. Þar segir:

„Forráðamenn landsmótsins verða að sjálfsgöngu ekki sakaðir um, að gestir kunnu ekki magamál sitt á brennivíni, en segja má að dansinn hafi verið óþarfur og lögregluliðið fámennara en þörf krafði.“

Alls voru fimmtán lögregluþjónar á svæðinu. Ellefu á Skógarhólum, tveir við Valhöll og tveir í bifhjólum á Uxahryggjaleið innan við mótstaðinn. Þrjá bíla hafði lögreglan á mótsstaðnum, þar af einn sem tók þrjátíu manns. Höfðu þeir varla undan við að handtaka fólk og leysa úr slagsmálum.

Strax klukkan fjögur hóf lögreglan að smala fylliröftum saman. Sumir af þeim voru ósjálfbjarga menn sem höfðu lagst fyrir úti um

holt og móa í rigningunni. Voru þeir handteknu um 100 talsins og ljóst að lögreglubláarnir dugðu ekki til. Ákveðið var að nota rútu frá BSÍ til að ferja flesta til Reykjavíkur. Það reyndist þó ekki auðvelt því að af þessum 100 voru 50 svo illir viðskiptis að lögreglan varð að flytja þá í járnum. Einn ungur maður sleppti sér gjörsamlega og reyndi í „hreinu brjálæði að komast út úr bílnum“ að sögn Alþýðublaðsins. „Setti hann undir sig hausinn og hljóp á rúður í bílnum og braut margar áður en hægt var að hemja hann.“

## Kona rotuð

Þegar leið á nóttina voru slagsmál í hverju horni. Alls þurftu um 70 manns að leita sér lækni-hjálpar á hjálparstöð skáta í Skógarhólum. Margir voru blóðugir og bláir eftir áflogin. Meðal alvarlegustu atvikanna var að kona ein var kúld í höfðið svo hún rotaðist. Komst hún ekki til meðvitundar fyrr en eftir hálfu klukkustund. Var árármaður hennar meðal þeirra handteknu. Annað alvarlegt atvik kom upp eftir slagsmál þar sem maður var fluttur til Reykjavíkur með gapani sár á kinn. Slys urðu einnig á móti sjálfu. Féll

til að mynda maður að nafni Bragi Agnarsson af baki og handleggsbrotnaði.

Fimmtán manna lið skáta hafði vart undan við að hlúa að gestunum en skátarnir sáu einnig um að stýra umferðinni í rigningunni sem jókst í sífellu. Í Vísi þann 16. júlí stóð:

„Slæm veðurskilyrði virtust ekki hafa mikil áhrif á veislugestina, sem veifuðu flöskum, börðust og sungu allt til morguns.“

Ekla lögreglunnar var slík að skátarnir voru kallaðir til að sinna löggæslu. Var ástandið svo slæmt og lögreglan svo vanbúin að handjárnin kláruðust. Þurfti að senda eftir fleiri járnum í skyndingu til Reykjavíkur. Sverrir Guðmundsson lögregluvarðstjóri, sem stýrði aðgerðunum, sagði við Morgunblaðið, að það væri almennt álit lögregluþjónanna að þeir hefðu aldrei lent í að þurfa að fjarlægja svo marga af sveitaskemmtun, sem oft væru þó slæmar. Vildi Sverrir meina að dansleikurinn hafi verið auglýstur of vel og það hafi valdið því að fólk hafi flykkt að úr Reykjavík. Hafi sumir þeirra verið svo ölvaðir að þeir komust ekki einu sinni inn á svæðið um eftirmiðdegi. Innan um ung-

mennin hafi leynst góðkunningjar lögreglunnar og ógæfumenn úr borginni. Sumir þeirra auralausir og allslausir.

## Ríðu niður tjöld

Skúli Sveinsson varðstjóri sá um löggæsluna við Valhöll. Greindi hann frá því að þar hafi einnig fjölmörg mál komið upp. Um miðjan laugardaginn þurfti að senda ný menn með lögreglublí til Reykjavíkur. Flestir af þeim unglingar að sögn Skúla.

Mótsgestir gerðu einnig mikil spjöll á eignum. Drukknir knapar ríðu niður tvö af mótsjöldunum. Þá var maðurinn einn handtekinn þar sem hann reyndi að klippa niður hestagirdinguna. Ætlaði hann að hleypa stóðinu út sér til skemmtunar.


Mótsgestir tóku sér tak á sunnudeginum, ábyggilega margir timbraðir og sárir eftir hamagang næturinnar. Ró færðist þó ekki yfir svæðið fyrr en klukkan átta um morguninn og því ábyggilega flestir vansvefta þótt þeir hafi ekki tekið beinan þátt í óspektunum. Lítið var um drykkjuskap það sem eftir lifði móts og góður bragur á öllum þorra manna samkvæmt lýsingum Tímans. ■

# ÓSAL

## Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is  
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is  
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarnir á varahlutum.

# SPENNUSAGA ÁRSINS

## EFTIR HÖFUND *FORBRYDELSEN*



2.

Metsölulisti  
Eymundsson  
HEILDARLISTI  
27. mars – 2. apríl

Ein vinsælasta spennusaga Evrópu um þessar mundir kemur frá Danmörku.



„Ef þú vilt spennu, lestu þá Kastaníumanninn.“

Boginspiration.dk



„Sérlega vel heppnaður norrænn krimmi. Þessi höfundur er í sérflokki.“

Metro

# ÞORIR ÞÚ AÐ LESA ÞESSA?



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Helgarkrossgátan

						→	næringin		egnt	ílát
							1			
							braut			
							stranda- glópur		grastopp karlfugl	
							hljómföll			
							álpast		etja	
						↓	krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510	röð tapi		frosk- mennina
							lína			3
							vagga			
							hest		frá málmur	
							svar		brall í bauk	
							málar			
							500	næring tímabilið		
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bómuð	vopnin	karldýr	freri	spjall	fugl		brenna		geðjast	
skólprör									hvað?	
vafnar							kött seinkun			elska
þegar			máluð						gjamm muldur	
2 eins			áorka	umfram	áverki lélegar			til		
								↙	álit lærði	5
	6	óvissu eða					samtals baksa			ákafan
veiðarfæri		4		sleikja áttund					grastopp frásögnin	
	ágang		op vaða				2 eins gramsa		kofa	7
flýgur									bág	
hast				þoka	gráðuga 2 eins					
	2	leiðinlegt							beita	
ís		8					fífl			Höfundar- rettur skilyrtur.

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

	8	6	5		1			2
	4			2	6	5		
	7	5	3					
9	6							7
	5	2	6	7				9 3
	3	8			5	6		
8		4			3			6
					7	4	8	
	2		8					

## Erfið

6	1	3			4			5
		7			2			9
8	9			1				
1			7	3				6
		6			9		5	
				2		4		
					1			8
	6	5		4		9		7
4								

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)




## FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

### Sjöfn Arnfinnsdóttir

Lausnarorðið var ÍSLANDSVINUR Sjöfn hlýtur að launum bókinna Heltekin



Í verðlaun fyrir gátu helgarbladsins er bókin Brandarar handa byssumönnunum


Brandarar handa byssumönnunum geymir fjórtán smásögur sem eru lauslega tengdar innbyrðis. Margar þeirra fjalla um börn eða eru sagðar frá sjónarhorni barns og umhverfið er á stundum stríðshráð borg – um fjöllumarefnið oft fólk sem lifir við ógn og viðbrögð þess við óvenjulegum aðstæðum. Sögurnar eru í senn myndar og óhugnanlegar, fátt er sem sýnist og ímyndun og veruleiki renna saman.

Höfundurinn, Mazen Maarouf, er palestínskur að uppruna, fæddur í Beirút 1978. Hann lærði efnafræði í háskóla en hefur

undanfarinn áratug helgað sig skáldskap, blaðamennsku og þýðingum. Hann kom hingað til lands árið 2011 og hlaut síðar íslenskan ríkisborgararétt en hafði áður stöðu flóttamanns í Líbanon. Hann hefur sent frá sér bæði ljóð og smásögur og fyrir þessa bók fékk hann Al-Multaqa verðlaunin, sem veitt eru fyrir smásögur á arabísku.

Brandarar handa byssumönnunum er tilnefnd til alþjóðlegra Man-Booker verðlaunanna 2019.

Uggi Jónsson þýddi. Höfundur: Mazen Maarouf



Nú er rétti tíminn  
til að leita tilboða

## Eru hellurnar óhrein gróðrarstía?

Við hreinsum, söndum, húðum  
svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

**HELLUHREINSUN.IS - S: 7756080**

## Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.  
Einnig hægt að hringa í sími 7756080



# SAKAMÁL



**7** vinnufélagá sína myrti Byran Koji Uyesugi í Honolulu á Hawaii þann 2. nóvember árið 1999. Fjöldamorðið, sem var það versta í sögu Hawaii, var nefnt Xerox-morðin vegna þess að morðinginn og fórnarlömbin unnu öll hjá Xerox í Honolulu. Byran hafði unnið hjá fyrirtækinu síðan 1984 og ekkert benti til þess að hann glímdi við geðræn vandamál. Á því varð breyting þegar hann var færður milli deilda innan fyrirtækisins. Þá upphöfust tilhæfulausar ásakanir af hans hálfu í garð vinnufélaganna auk þess sem hann vann skemmdarverk á viðgerðum þeirra. Byran einangraðist, gerðist reiður mjög og sendi hótanir á báða bóga, jafnvel líflátshótanir. Árið 1993 var svo komið að ekki að ekki

# ÓSYNDI FRAKKINN

■ Jean-Paul elskaði góðan mat ■ Genevieve var frábær kokkur ■ Um tíma lék allt í lynd

**F**rakkinn Jean-Paul Drillard hafði gaman af lífinu. Hann var glaðsinna náungi, alltaf með bros á vör og gamanyrði á takteinum. Skotveiðar voru líf hans og yndi, stangaveiðar ekki svo mjög því hann var, eins og hann sagði við sambýliskonu sína, Genevieve, ósyndur. „Og“ bætti hann við, „satt best að segja hræðist ég vatn.“

#### Lítill hamingja

Jean-Paul og Genevieve bjuggu í litlu húsi í Chevinay, litlu þorpi í Rhone-dalnum í Frakklandi, ekki langt frá Lyon. Þegar þarna var komið sögu, fyrri hluta árs 2008, fannst Jean-Paul lífið leika við sig en raunin hafði ekki alltaf verið sú.

Þar til ári áður hafði hann verið kvæntur maður, átt fjögur börn (sem hann átti svo sem enn, þegar hann og Genevieve fóru að rugla saman reytum) og unnið hjá vatnsfyrirtæki. Hann hafði ekki verið hamingjusamur maður.

#### Kunni ekki að elda

Heimilið þá var gamall bóndabær. Bærinn var nógu stór fyrir alla fjölskylduna, það vantaði ekki, en Jean-Paul var ekki ánægður. Honum fannst eiginkona sín engan veginn standa sig í stýkkinu, þríf-



Vatnið í Chevinay  
Vettvangur gönguferða  
Jean-Paul og Genevieve.

**„Kvöldið er fagurt. Af hverju keyrum við ekki niður að vatni og fáum okkur göngutúr?“**

aði var ábótavant og Guð mátti vita hvað.

Jean-Paul þreyttist aldrei á að kvarta yfir því, en það var eitt sem

honum mislíkaði meira en allt annað. Konan hans, sagði hann, gæti ekki eldað sómasamlega máltíð þótt líf hennar lægi við.

Jean-Paul Drillard  
Glaðsinna Frakki sem líkaði góður matur.



## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

#### Skilnaður og ný kona

En sem sagt, Jean-Paul sagði skilið við eiginkonuna og einhæfa eldamennsku hennar og má leiða líkur að því að hún hafi ekki verið ósátt við þá ákvörðun því samskipti þeirra voru með ágætum í kjölfarið. Hún flutti með börnin en Jean-Paul bjó áfram á gamla bænum.

Nú tíminn leið, eins og honum er tamt að gera, og Jean-Paul kynntist einstæðri konu; Genevieve Bertry.

Eiginmaður Genevieve hafði beðið lægri hlut fyrir krabbameini þremur árum fyrr og eini lífsförunautur hennar síðan hafði verið langhundur.

#### Frábær kokkur

Að sögn fór því fjarri að Genevieve væri sem sólargeisli, en hún var einum ótvíræðum kosti búin – hún kunni að elda frábæran mat. Um leið og Jean-Paul var búinn að sannreyna það varð ekki aftur snúið. Þau tóku saman og fluttu inn í nýtt heimili á Chevinay.

Jean-Paul hafði unun af að innbyrða góðan mat, en þáttaka í matseldinni kannski ekki eins mikið. Því sat hann gjarna á hverfiskránni ásamt veiðifélögum sínum og dreypti á víni á meðan Genevieve stóð við hlóðirnar.

#### Ekki eilíf hamingja

Leið nú ár eða svo og var eftir því tekið að Jean-Paul virtist hafa glatað sinni alkunnu gleði. Sagði hann vinum sínum að Genevieve gæti ekki sofið án þess að innbyrða sterkar svefntöflur og þeir vissu einnig að hún átti til að verða þunglynd. Til að bæta gráu ofan á svart þá voru þau farin að rifast oftar en góðu hófi gegndi.

Pungamiðja deilna þeirra var langhundur Genevieve. Jean-Paul vildi ekki sjá hundinn inni á heimili þeirra, enda taldi hann, sem veiðimaður, að hundar ættu að vera í hundageymslu. Genevieve mátti ekki heyra á slíkt minnst.

#### Kviðverkir

Þegar lífið lék við Genevieve og Jean-Paul áttu þau til að ganga saman á bókum vatns sem var í nokkurra kílómetra fjarlægð frá húsi þeirra. Það var einmitt í einni slíkri gönguferð sem Jean-Paul upplýsti Genevieve um vatnsbræðslu sína og væri ósyndur.

Það var þó fleira sem olli honum hugarangri. Heiftarlegir kviðverkir sem virtist nánast vera viðvarandi. Hver veit, sagði hann í gríni við vini sína, nema dásemdard matseld Genevieve væri að gera út af við hann.



var lengur við unað og Byran gert að leita aðstoðar geðlæknis og sækja námskeið í reidistjórnun. Árið 1999 ákvað Xerox að kasta fyrir róða týpu ljósritunarvélur sem Byran hafði að mestu séð um viðgerðir á og skipta henni út fyrir nýja útgáfu. Það hugnaðist Byran illa og harðneitaði að tileinka sér þekkingu á þeirri nýju. Að morgni 2. nóvember mætti Byran til vinnu vopnaður níu millimetra Glock-skammtbyssu og skaut til bana yfirmann sinn og sex samstarfsmenn. Hann fékk lífstíðardóm 8. ágúst árið 2000.



# OG LISTAKOKKURINN

**Allt tekur enda**

„Ég hef smá áhyggjur. Ég vona að hann hafi ekki gert eitthvað heimskulegt.“



Húsið í Chevinay. Hér bjuggu Jean-Paul og Genevieve.

„Að sögn fór því fjarri að Genevieve væri sem sólargeisli, en hún var einum ótvíræðum kosti búin – hún kunni að elda frábæran mat.“

**Kvöldganga**

Víkur nú sögunni til kvöldins 28. apríl 2008. Jean-Paul og Genevieve höfðu nýlokið við að gæða sér á enn einum dýrindis kvöldverði og Genevieve sagði: „Kvöldið er fagurt. Af hverju keyrum við ekki niður að vatni og fáum okkur göngutúr?“

Jean-Paul fann ekkert því til foráttu enda saddur, sæll og sáttur við tilveruna og þau lögðu af stað. Áður en þau komu á leiðarenda var Jean-Paul í fastasvefni í farþegasætinu frammi í.

Værð hans mátti þó ekki aðeins rekja til kvöldverðarins heldur einnig, og alls ekki að minna leyti, til svefnlyfjanna sem Genevieve hafði sett í matinn hans, og ekki sparað.

**Ósyndur á kafi í vatni**

Þegar þau komu að vatninu fór Genevieve út úr bílnum og lét hann síðan renna niður aflíðandi vatnsbakkann. Bíllinn rann út í vatnið og byrjaði að sökkva. Jean-Paul komst til meðvitundar, barðist um og óskraði: „Ég kann ekki að synda.“ Það voru engin ný sannindi fyrir Genevieve sem stóð á bakkanum og hélt fyrir eyrun á meðan bíllinn hvarf undir vatnsyfirborðið.

Síðar sagðist hún hafa reynt að stöðva bílinn en það hefði ekki verið gerlegt. Jean-Paul tókst með harmkvælum að opna einar dyr, en var ósyndur og því fór sem fór.

**Sakleysið uppmálað**

Að öllu þessu loknu gekk Genevieve heim, hringdi í bróður Jean-Paul, Jean-Marc, og spurði: „Hefur þú séð Jean-Paul?“ Genevieve sagði Jean-Marc að Jean-Paul hefði ætlað að kíkja til hans og væri ekki kominn til baka. „Ég hef smá áhyggjur. Ég vona að hann hafi ekki gert eitthvað heimskulegt,“ bætti hún sakleysið uppmálað.

Jean-Marc kom af fjöllum. „Eitthvað heimskulegt?“ sagði hann og bætti við: „Hvað í ósköpunum ætti hann að gera heimskulegt?“

**Sannleikurinn sagður**

Jean-Marc rauk út í bíl og ók þá leið sem bróðir hans hefði ekið ef hann ætlaði að heimsækja hann. En það var ekki tangur né tetur að sjá af hvorki bílnum né Jean-Paul.

Næsta dag fór Genevieve á lög-reglustöðina og sagði að Jean-Paul hefði ekki skilað sér heim. Síðan fór hún til Jean-Marc og virtist í öngum sínum vegna óvissunnar. Þaðan fór hún til systur sinnar og hugðist dvelja þar.

Um nætur bylti hún sér þar til systir hennar fékk nóg og spurði hví hún tæki ekki eitthvað af svefn-töflunum. „Ég er búin með þær,“ svaraði Genevieve. Síðan brotnaði Genevieve niður og sagði systur sinni alla sólar söguna.

**Sögulok**

Að áeggjan systur sinnar fór Genevieve, daginn eftir, 2. maí, til lögreglunnar og játaði allt og síðar þann dag voru bifreiðin og líkið af Jean-Paul dregin upp úr vatninu.

Þann 4. maí var Genevieve ákærð fyrir morð og þegar hún var spurð um ástæðu verknaðarins muldraði hún eitthvað um bræðisköst Jean-Paul og að hann hefði ekki kunnað við langhundinn hennar.

Árið 2011 fékk Genevieve Bertry tuttugu ára dóm fyrir morð af yfirlögðu ráði. ■



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS Í hjarta REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR



# Munur á fjárveitingum til sinfóníuhljómsveita óeðlilega mikill

Þorvaldur Bjarni er á leið til Los Angeles til fundar með áhrifafólki í kvikmynda- og tónlistarbransanum

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Það hefur verið mikil gróska í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN) en árið 2018 var metár varðandi fjölda, stærð og gæði viðburða frá upphafi. Ef lituð er á fjölda viðburða þá tók hljómsveitin þátt í 27 verkefnum á árinu en til samanburðar lék hljómsveitin 4-7 sinnum á ári fyrir fáum árum. Verkefni hafa að sama skapi orðið fjölbreyttari.



Hátíðartónleikar

## Styrkurinn dugur til fjögurra tónleika

„Það hefur verið sérlega ánægjulegt að sjá hvernig kvikmynda-tónlistarverkefninu SinfoniaNord hefur vaxið fiskur um hrygg. Allt árið 2018 tók hljómsveitin þannig þátt í verkefnum sem tengjast upptökum á tónlist fyrir kvikmyndir með stuttum hléum,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands/SinfóníuNord, en Þorvaldur kallar eftir meiri stuðningi við starfsemi SN. Hann segir SN fá styrk í gegnum menningarsamning Akureyrar og ríkisins, 50 milljónir króna árlega. „Til samanburðar voru framlög ríkisins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækkuð um yfir 230 milljónir króna árið 2018. Þessar 50 milljónir króna til SN duga til að halda ferna meðalstóra sinfóníutónleika í Hofi. Engin hljómsveit getur þroskast og dafnað með því að koma aðeins fram fjórum sinnum á ári.“

## Netflix, BBC og Sony


En hvernig gat hljómsveitin þá tekið þátt í 27 viðburðum?

„Svarið er einfalt,“ segir Þorvaldur. „Með því að sækja fram og finna hljómsveitinni sérstöðu. Í því sambandi hjálpar til að aðstæður í Hofi eru fullkomnar til að hljóðrita tónlist fyrir kvikmyndir. Án mikils undirbúnings var þannig hægt að halda á þá braut að hljóðrita tónlist við hágæða erlendar sem innlendar kvikmyndir. Eins og hendi væri veifað var búið að hljóðrita tónlist inn á hátt í 20 titla fyrir fyrirtæki eins og Netflix, BBC og Sony. Samhliða þessu fór að fréttast að á Íslandi væri sinfóníuhljómsveit sem væri að bjóða gæðapjónustu til viðburðahaldara sem varð til þess að SN tekur núna reglulega þátt í nokkrum af stærstu sinfónísku viðburðum hvers árs á Íslandi og leikur með ýmsum listamönnum sem sækjast eftir sinfónískum hljómi í viðburði sína. Þessi sókn er það sem hefur gert SN að því sem hún er í

dag. Lúsiðin og vel þekkt stærð í tónlistarflóru Íslands.“

## Munurinn einn og hálfur milljarður

Þorvaldur segir dæmið þó ekki ganga upp til lengdar. Á launaskrá SN sé aðeins einn starfsmaður. Þessi gróska geti því fjarað út með persónum og leikendum sem geta brunnið út við núverandi aðstæður. Til þurfi að koma næring í formi aukinna fjárfraðslaga. Á móti kemur að listamenn fá starf og greiði opinber gjöld til hins opinbera og erlendur gjaldgjafi kemur einnig á móti. Fjárfraðslög séu því meira til hins opinbera en nemur þeim styrkjum sem til þarf. Hann segir SN ekki í samkeppni við Sinfóníuhljómsveit Íslands enda sé þar ólíku saman að jafna. „Munurinn á framlögum til sveitanna er rúmlega einn og hálfur milljarður. Þessi munur er óeðlilega mikill miðað við markaðssvæði hljómsveitanna og mikilvægi þeirra fyrir íbúa



## Fyrirmyndaraðstaða:

Þorvaldur Bjarni segir sérstöðu SN felast í frábærri aðstöðu til að hljóðrita tónlist fyrir kvikmyndir. SN hefur tekið upp tónlist fyrir Netflix, BBC og Sony.

svæðanna sem þær þjóna. Segja má að á markaðssvæði tónleika Sí í Hörpu búi um 250.000 manns á móti um 30.000 manns að baki SN í Hofi. Og þessi íbúar eru síst latari við að mæta á viðburði en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Í því ljósi er þessi munur á framlögum í raun sláandi.“

## Menningarleg viðbót fyrir samfélagið

Hann segir áheyrendur og listamenn á Íslandi hafa kveðið upp sinn dóm varðandi tilverurétt SN með því að mæta á viðburðina annars vegar og hins vegar að svara kallinu þegar verkefni kalla á mannskap til vinnu. Tilvera SN sé menningarleg viðbót fyrir samfélagið allt sem búi til auknar tekjur fyrir hið opinbera. „Af sjálfsprotnu verkefnum SN höfðu hljóðfæraleikarar verkefnisins, árið 2018, tekjur sem námu 60.000.000 krónur og þar af renna um það bil 22.200.000 krónur í opinber gjöld. Þá á eftir að telja einleikara og einsöngvara, salaleigu, tæknifólk, flutninga, veitingar, leyfisgjöld, ferðalög og gistingu sem allt býr til vinnu og skilar tekjum til ríkissjóðs. Þetta hefur líka áhrif á straum ferðamanna til Norðurlands.“

„Af styrktum verkefnum SN höfðu hljóðfæraleikararnir í tekjur 15.000.000 krónur. Þar af fara um 4.000.000 krónur í ríkissjóð. Þetta er hugvekjandi. En sýnir líka að það þarf að hlúa betur að þessari grósku. Hljómsveitinni á að vera kleift að sinna skyldum sínum sem kyndilberi sinfónískrar tónlistar á landsbyggðinni. Hún þarf að geta æft sig reglulega og haldið fasta tónleika einu sinni í mánuði yfir vetrartímum,“ segir Þorvaldur Bjarni og bætir við að þetta muni styrkja hljóðfæraleikarana verulega í að standa undir aukinni eftirspurn í þjónustuverkefnum. „Verkefni sem búa til nýja atvinnuöguleika fyrir þá sem nú leggja allt sitt undir til að verða atvinnutónlistarmenn í tónlistarskólum landsins. SN/SinfoniaNord stuðlar að þessu í auknum mæli á hverju ári. Hlúum

að þessari sjálfsprotnu grósku á Akureyri.“

## Á fund stórlaxanna í Los Angeles

Nú eru nýafstaðnir hátíðartónleikar þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fagnaði 25 ára afmæli sínu og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði formlega kvikmynda-tónlistarverkefnið og vefsíðuna SinfoniaNord.is. Næstu stóru tónleikar eru svo í dymbilvikunni þegar hin heimsfræga Anna-Maria Helsing stjórnar hljómsveitinni, ásamt Söngsveitinni Fílharmóníu og Kammerkór Norðurlands, þegar flutt verða tvö af mögnuðustu verkum Mozart. Norðlenska vonarstjórnin í klassískri tónlist, Alexander Edelstein, spilar einleik en einsöngvarar eru Garðar Thór Cortes, Ágúst Ólafsson, Helena Guðlaug Bjarnadóttir og Hanna Dóra Sturludóttir. Tónleikarnir fara fram á skírdag í Hofi en í Langholtskirkju á föstudaginn langa. Áður en að þeim ævintýrum kemur erlaur Þorvaldur til Bandaríkjanna þar sem honum var boðið á hátíðarkvöldverð með áhrifafólki innan kvikmynda- og tónlistariðnaðarins í draumaverksmiðjunni sjálfri, Los Angeles. Boðið barst honum eftir afmælistónleikana en boðskotið er frá ræðismannsskrifstofunni í New York um að mæta á opnun Record in Iceland á vegum Iceland Music and Film in Iceland. „Þessi heimsókn til Los Angeles mun vonandi skila sér í að tilvist SinfoniaNord, Hofis og Akureyrar sem frábærs staðar til að hljóðrita kvikmynda-tónlist verði kunn þeim sem ákveða hvar verkefni eru tekin upp. Ég vonast til að kynnast framleiðendum og tónskáldum sem nýta sér að jafnaði svona þjónustu. Og að endingu óska ég þess að heimsóknin skili nýjum tækifærum fyrir hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,“ segir Þorvaldur Bjarni sem er þar með rokinn af stað til Los Angeles. ■

# BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR

Sérsmíðum eftir  
óskum hvers og eins

## Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



# HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

**SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ**

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kaenan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. [www.kaenan.is](http://www.kaenan.is) [info@kaenan.is](mailto:info@kaenan.is)

# „Ég hef aldrei upplifað þá tilfinningu að vilja verða mamma“

■ Sara Bjarnveig vill ekki eignast börn ■ Preytt á afskiptasemi og forvitni Íslendinga

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



Sara Bjarnveig Bjarnadóttir er þrjátú og tveggja ára gömul og hefur hún verið búsett ásamt manni sínum í Noregi í tvö ár. Hann starfar sem sendill fyrir bakarí en hún er um þessar mundir á öryrkjabótum vegna veikinda sem hún hefur glímt við lengi. Frá því að Sara man eftir sér hefur hún alltaf verið á þeirri skoðun að barneignir séu ekki fyrir hana og hefur hún ítrekað upplifað afskiptasemi frá fólki sem segir hana eiga eftir að iðrast þeirrar ákvörðunar. Sara er hins vegar harðákvæðin í að verða ekki móðir og hefur jafnvel velt fyrir sér ófrjósamisáðgerð. Fyrir fimm árum greindist Sara með fjölblöðru-eggjastokkaheilkenni, PCOS, sem gerir að verkum að ef hún hygði á barneignir gæti það reynst henni erfitt.

„Ég er með PCOS þannig að þótt ég vildi verða ólétt þá yrði það mjög erfitt fyrir mig. En ég hef aldrei viljað börn. Mamma sagði mér að frá því að þegar ég var krakki sjálf þá hafi ég alltaf sagt að ég ætlaði ekki að verða mamma. Mér finnst bara fínt að vera þessi skrítna frænka sem fær lánuð börn sem ég get svo skilað,“ segir Sara í samtali við DV.



Sara Bjarnveig ásamt manni sínum

„Að vera mamma er allt annað og ég held að ef ég þyrfti að vera móðir dagsdaglega þá yrði ég ekki það góð í því hlutverki, vegna þess að til þess að ég geti funkerað í lífinu þá þarf ég ákveðið mikinn svefn og hreyfingu. Ég er með kvíða, þunglyndi, MS, PCOS og vefjagigt og ég þarf ákveðna hluti til þess að geta bara verið ég. Ég veit líka sjálf hvornig það er að alast upp með foreldrum sem eru með krónísk veikindi og ég myndi ekki vilja leggja það á barn. Mér

fanst mjög erfitt að horfa upp á mömmu mína vera svona mikið veik. Alltaf að heyra að hún væri veik og að fara til læknis, alltaf að heyra setninguna: „Mamma þarf að leggja sig því að mamma er svo veik, það má ekki vera með mikil læti.“ En hún fékk berklabólgu þegar hún var barn og lungun hennar eru afar slæm. Svo er hún með vefjagigt, hjartasjúkdóm og ýmislegt fleira sem ég get ekki einu sinni talið upp.“



Sara Bjarnveig Telur að móðurhlutverkið henti henni illa.

## „Eins og maður segðist ætla út að lóga hvolpum“

Skemmtilegt og fræðandi

**SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN**

Áskrift 2019

Fimm tölublöð + tvö eldri blöð fylgja með nýrri áskrift.

Aðeins kr. 7860 sé greitt með kreditkort!

FLÓRA ÍSLANDS  
Árn Baldur Hildberg teiknari

**SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN**

Gladningur allt árið, gæði og góð lesning

Áskrift í síma 578-4800 eða á [www.rit.is](http://www.rit.is)

### Elskar börn en hefur aldrei viljað vera mamma

Sara segir að veikindi móður hennar og erfiðleika í kringum þau hafi litað æsku hennar og henni fundist það erfitt.

„Ekki misskilja mig, ég elska börn og hef mjög gaman af þeim. En ég hef aldrei upplifað þá tilfinningu að vilja verða mamma. Ég á þó stjúpdóttur sem er ellefu ára og hún kemur til okkar og mér finnst það gott og þykir rosalega vænt um hana.“

Stjúpdóttir Söru er búsett á Íslandi en kemur reglulega til þeirra í nokkrar vikur í senn. Þegar Sara fékk greiningu á sjúkdómnum PCOS upplifði hún létti, en ekki erfiðleika líkt og margar konur í hennar sporum.

„Þetta var léttir fyrir mig, ekki vegna móðurhlutverksins heldur vegna þess að þá gat ég loksins fengið lyf sem gátu minnkað einkennin. Ég fékk aftur á móti að heyra það frá kvensjúkdómalækninum mínum að hann vildi helst ekki setja mig á lyf af því að ég var ekki að reyna að verða ólétt. Þá fengi ég þrjú egglos á ári í stað-

inn fyrir tvö og það gæti því aukid líkurnar á getnaði. En ég er á plástri, hormónalyfjum sem koma í veg fyrir getnað, og það hefur því ekki áhrif á það. Loksins þegar ég fékk lyf fyrir þremur árum þá fóru einkenni hjá mér að minnka gífurlega. Áður en ég fékk lyf þá hafði ég rosalegaársaukafullar blæðingar og þegar blöðrur sprungu þá var það svo sárt. Síðan var ég útþanin og með rosalega sykurbörf. Ég vaknaði stundum kannski klukkan tvö að nóttu og varð að fá mér gosglas eða súkkulaði. Um leið og ég fékk lyfin þá hætti það og á tveimur árum hef ég misst 25 kíló bara út af lyfjunum og vegna þess að eftir að við fluttum út þá höfum við haft efni á því að kaupa hollan mat. Það er mikill munur á verði á Íslandi og hér í Noregi. Svo er líka mikill munur á heilbrigðiskerfinu hér og á Íslandi.“

### Ekki alvöru mæður ef þær ættleidda

Sara segist hafa upplifað mikla afskiptasemi frá karlmönnum vegna

Framhald á síðu 46



*JS Watch co.*  
REYKJAVÍK

## ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).



**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)

Kynntu þér málið á  
[www.jswatch.com](http://www.jswatch.com)



þeirrar ákvörðunar hennar að eignast ekki börn. Það hafi komið henni mest á óvart.

„Þegar ég var nítján ára fékk ég að heyra það frá fyrri yfirmanni að ég ætti eftir að sjá eftir þessu. Ég þorði nú ekki á þessum aldri að segja honum að halda kjafti en ... Svo eru það líka konur sem eiga börn og finnst það æðislegt að vera mömmur, ásamt eldri konum, frá þeirri tíð þegar það var í rauninni bara skylda að vera mamma, sem skipta sér af þessu. En ég er búin að kynnast konum á mínum aldri sem eru á sama róli og ég og vilja ekki börn. Svo þekki ég líka konur sem vilja ekki ganga í gegnum meðgöngu en langar að ættleiða. Þær fá jafnvel að heyra að þá séu þær ekki alvöru mömmur, en það finnst mér svolítið fátíðlegt.“

Sara segir fjölskyldu sína aldrei hafa ýtt á hana í átt að barneignum enda viti þau hversu þrjósk hún sé.

„Mamma sagði að það þýddi ekkert að reyna að breyta mér. Ég hef einu sinni upplifað þá tilfinningu að ég gæti séð eftir þessu. En um leið og ég hugsaði betur út í það þá hvarf hún. Maðurinn minn er sammála mér og hann vissi alveg um þetta þegar við byrjuðum

saman, svo hann vissi alveg hvað hann var að fara út í. Hann hefur aldrei reynt að fá mig til þess að skipta um skoðun. Ég hef líka oft heyrt að þessi ákvörðun sé ósanngjörn gagnvart manningnum mínum, vegna þess að ég sé ekki að gefa honum tækifæri til þess að verða pabbi en hann er það nú þegar.“

#### Íslendingar forvitnir og afskiptasamir

Sara segist vera orðin þreytt á því að fólk skipti sér af ákvörðunum annarra og að mikill munur sé á Íslendingum og Norðmönnum þegar kemur að þessu máli.

„Ef fólk er ekki að reyna að betrubæta líf barns, eins og til dæmis að uppræta vanrækslu eða ofbeldi, þá á fólk ekki að skipta sér af. Þegar ég bjó á Íslandi þá gengu sögur um mig þess efnis að ég væri ólétt en það var bara út af PCOS, en áður en ég fékk lyfin þá var ég svo þanin á maganum og leit út fyrir að vera ólétt þannig að ég þurfti alltaf að segja fólki að ég væri ekki ólétt og að ég myndi aldrei verða ólétt,“ segir Sara.


„Það var alltaf eins og ég væri að gera eitthvað rangt fyrir þeirra

**Hann vissi alveg hvað hann var að fara út í**

hönd þegar ég sagðist ekki ætla að eignast börn. Þá var eins og maður

segðist ætla út að lóga hvolpum, þetta var svona álíka sjokkerandi fyrir fólk að heyra. Þá sagði ég bara fólki að ég hefði ekki áhuga

Búa í Noregi Sátt við sína ákvörðun.





dropi

# Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía




„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“

Andri Rúnar Bjarnason  
Knattspyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaolíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil

á því að verða ólétt og í kjölfarið fékk ég mýtuna um að ég ætti eftir að sjá eftir því eða skipta um skoðun. Ég hef reyndar heyrt það frá einni konu sem er að nálgast níráðisaldurinn að henni finnst þetta bara fin ákvörðun hjá mér, hún þekkti fjölmargar konur sem eignuðust börn án þess að vilja það og að það hefði ekki komið vel út fyrir börnin. En eins og ein vinkona mín sagði: „Það er hellingur af börnum í heiminum sem enginn vill. Er ekki betra að reyna að betrubæta þeirra líf heldur en að búa til nýtt líf?“ Hérna úti í Noregi er ekki mikið talað um þetta, hérna er frekar ýtt á eftir okkur að gifta okkur og kaupa hús. Það er aðeins öðruvísi upplifun og þegar ég hef verið spurð hvort ég ætti börn og hef þá sagt fólki að ég ætli ekki að eignast börn þá er það bara ekki rætt meira. Fólk á Íslandi fer meira að spyrja út í hluti, en Íslendingar eru líka svolítið þekktir fyrir að vera forvitnir þjóð, þeir fara meira út í persónulegar spurningar.“

#### Margir halda að hún þoli ekki börn

Sara hefur velt fyrir sér þeim möguleika að láta taka sig úr sambandi, en hefur hingað til ekki látið verða af því. Hún viðurkennir að móðir hennar hafi annað slagíð nefnt það við hana að hún

vildi eignast barnabarn frá henni, en segist aldrei hafa upplifað þrýsting.

„Eitt skiptið þá kom ég heim með hvolp og stillti honum fyrir framan pabba og sagði honum að þetta væri eina barnabarnið sem hann myndi fá frá mér og honum fannst það bara fyndið og var bara sáttur við það. En allar systur mínar hafa verið duglegar að fjölga sér og þær langar að vera mömmur, það er allt annað. Við maðurinn minn höfum aftur á móti áhuga á því í framtíðinni að gerast svona stuðningsfjölskylda, sem er algengt hér í Noregi. Þá prófar fólk oft að fóstura barn og sjá hvort það nái að blómstra í þeirra fjölskyldu. Ef það gerist þá ættleiða þau jafnvel barnið. En ég myndi bara vilja halda mig við svona stuðning vegna þess að ég er með MS og ég get því dottið niður í orku og þá koma dagar þar sem ég get ekki gert neitt. Það yrði þá erfitt fyrir barnið að horfa upp á. Ég er orðin virkilega þreytt á því að heyra það frá fólki að ég eigi eftir að sjá eftir þessu eða skipta um skoðun. Svo er ekki samasemmerki á milli þess að vilja ekki eignast börn og að þola ekki börn. Það eru margir sem halda að ég vilji ekki barn af því að ég þoli börn ekki, en það er algjört rugl. Í dag er ég að læra skólábókasafnsfræði svo ég geti unnið með börnum.“ ■



**ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR**

WWW.CASTELLO.IS



**PIZZERIA**

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI  
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.  
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.  
Vönduð evrópsk framleiðsla.**

**FABBRI**  
PORTATUTTO



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI  
- MIKIL ÞEKking OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*

**Toppbogar á margar  
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.  
Stærðir 360 - 550 lítra  
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



**STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI**

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -  
Sími 577-1090 - [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is) - [sala@vikurvagnar.is](mailto:sala@vikurvagnar.is)



**STEINHOF**

**WESTFALIA**

**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.  
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.  
Ásetning á staðnum.**





## Skin í íslenskri hönnun Hörpu

**B**reska rokksveitin Skunk Anansie var vinsæl hér á landi á tíunda áratug síðustu aldar. Hljómsveitin heimsótti landann tvisvar árið 1997 og hélt tónleika í bæði skiptin. Í seinni heimsókninni, í september, heimsótti hljómsveitin höfuðstöðvar DV, sem þá var í Þverholti og spilaði á þaki hússins. Herlegheitunum var sjónvarpað á Stöð 2 og síðan sat hljómsveitin fyrir svörum í beinni línu hjá DV. Þetta er þó ekki í eina skiptið sem söngkonan Skin hefur látið sér líka við Ísland, fyrr á árinu sat hún fyrir í DIVA, bresku tímariti, en markhópur þess er lesbíur og tvíkynhneigðar konur. Þar klæðist hún jakka frá íslenska merkinu MYRKA sem fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir á heiðurinn af.



### Hvað ert þú að horfa á?

Kristín Sif Björgvins, útvarpskona á K100:



**É**g er nýbúin að klára að horfa á uppstand með Jimmy Carr, „The best of ultimate gold greatest hits“ á Netflix og fannst það mjög gott, enda er Jimmy Carr í uppáhaldi en þetta er alls ekki fyrir viðkvæma. Hann fer alla leið í að reyna að sjokkera. Síðan var ég að klára myndina Highwaymen, með Kevin Costner og Woody Harrelson, sem fjallar um mennina sem gómuðu Bonnie og Clyde, mjög góð mynd sem ég mæli með. Þættirnir hans Loga eru frábærir, gott spjall við áhugavert fólk eins og til dæmis Ólaf Darra og Lindu Pé. Síðan er ég algjörlega „hooked“ á Rupauls Drag Race, það er „my guilty pleasure“ að horfa á.



# Hinsta ósk Gulla Falk orðin að veruleika

**G**uðlaugur Auðunn Falk, gítarleikari og tónlistarmaður, lést 29. júní 2017 eftir erfiða baráttu við krabbamein, hann var 57 ára. Gulli var þekktur gítarleikari og lagahöfundur og hafði starfað með fjölda tónlistarmanna um árabil.

Gulli hafði unnið að diskinum Kaffi Ole fyrir andlát sitt og var það hans hinsta ósk að diskurinn yrði kláraður og gefinn út eftir andlát hans. Og nú er diskurinn orðinn að veruleika, hann inniheldur 13 lög eftir Gulla með textum Gísla Brynjars.

„Geggjað efni og með því betra sem pabbi hefur samið, blanda af blúsrokki og melódískum lögum þar sem kassagítarinn nýtur sín. Plata sem hann vann að fram á síðustu stundu, hans eina ósk var að platan

yrði gefin út. Við erum öll mjög stolt af afrekinu og ég veit að það er hann líka,“ segir Árni Hrafn Falk, sonur Gulla.

Að disknum kemur fjöldinn allur af tónlistarmönnum, listamönnum og fleirum. „Við ættingjar Gulla viljum þakka þeim fyrir þeirra framlag til að gera diskinn að veruleika,“ segir Árni Hrafn, en diskinn má kaupa hjá honum.



Tilboð\*

Montis Axel sófar\*

3,5 og 4 sæta

MONDIS

HÖNNUN: GIJS PAPA VOINE 2005

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Verð frá:  
**685.000,-**

\* Tilboðin gilda frá 1. apríl - 1. sept 2019 · Leður Rancho: svart eða brúnt